



„Við erum bæjarbúar á öllum aldri og hér eru engir flokkadrættir.“ segir Ragnheiður Elín Árnadóttir, fyrrverandi ráðherra og félagi í Hollvínasamtökum Sundhallar Keflavíkur. Bærinn seldi höllina árið 2006. Verktaki sem keypti hana í fyrra vill fá að rífa húsið og reisa þrjú fjölbýlishús. Ragnheiður segir enn hægt að bjarga merkri byggingu sem reist hafi verið af ungmennafélaginu og íbúum á árinu 1939 eftir teikningu Guðjóns Samúelssonar. „Það var þrautseigja og samstaða sem byggði þessa sundlaug og við þurfum að halda því merki á lofti.“ FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Lífeyrissjóðir vilja fá tíu prósent í Arion

Tólf lífeyrissjóðir samþykktu að fara í viðræður um kaup í Arion banka. Lýstu yfir áhuga á að kaupa tæplega tíu prósent. Einnig viðræður við tryggingafélög og verðbréfasjóði. Kaupréttur að hlut ríkisins nýttur gangi áformin eftir.

VIÐSKIPTI Á annan tug lífeyrissjóða samþykktu í lok síðustu viku að fara í óskuldbindandi viðræður um kaup á samantlagt tæplega 10 prósent hlut í Arion banka af Kaupþingi, samkvæmt heimildum Markaðarins. Stefnt er að því að reyna að ná samkomulagi í byrjun næstu viku, fyrir birtingu ársuppgjörs bankans 14. febrúar, en kaupverðið yrði þá samtals í kringum 17 milljarðar króna.

Þá eru einnig viðræður við íslensk tryggingafélög og verðbréfasjóði um

að fjárfesta í Arion banka, mögulega á bilinu 3 til 5 prósent hlut, samhliða því að gengið yrði frá kaupsamningi við lífeyrissjóðina.

Gangi áform lífeyrissjóða og annarra fagfjárfesta eftir um að kaupa mögulega allt að 15 prósent hlut, áður en ráðist verður í útboð og skráningu bankans, hyggst Kaupþing nýta sér kauprétt að 13 prósent hlut ríkisins í Arion. Kaupþing hefur haft það til skoðunar að leysa til sín hlutinn á grundvelli hluthafasamkomulags og selja hann áfram –

17

milljarða myndu sjóðirnir þurfa greiða fyrir hlutinn.

á sama verði og hann yrði keyptur á af ríkinu – til meðal annars lífeyrissjóða.

Samkvæmt svörum sem bárust frá lífeyrissjóðunum síðastliðinn

föstudag við tilboði Kaupþings lýstu tólf þeirra, eða um helmingur allra starfandi lífeyrissjóða, áhuga á að kaupa samantlagt nærri 10 prósent hlut í bankanum. Á meðal fjögurra stærstu sjóða landsins – LSR, Lífeyrissjóðs verslunarmanna, Gildis og Birtu – samþykkti stjórn Gildis að fara í viðræður um kaup á talsverðum hlut í Arion, þó með þeim skilyrðum að ekki yrði fallist á fyrirbyggjandi tilboð Kaupþings óbreytt, og þá er LSR með málið til skoðunar. – hae / sjá Markaðinn

Sjóðir fjármagni leigufélag VR

HÚSNÆÐISMÁL Til skoðunar er að nota sjóði VR til að koma á fót félagi til að leigja út íbúðir á 15 til 30 prósent lægra verði en gerist á almennum leigumarkaði. Eignir VR, sem standa undir verkfalls-, sjúkra- og starfsmannasjóðum félagsins, hafa til þessa verið ávaxtaðar með kaupum á skulda- og hlutabréfum.

„Við viljum auðvitað fá meðfjárfesta með okkur í verkefnið. En ef markaðurinn streitist á móti hugmyndum okkar – um að koma á fót eðlilegum og sanngjörnum leigumarkaði – þá munum við örugglega á endanum gera þetta sjálf,“ segir Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR.

Aðrir stjórnarmenn sem rætt var við vildu ekki tjá sig um hugmynd Ragnars Þórs þegar eftir því var leitað í gær. – kij / sjá Markaðinn

Kallaður heim

HANDBOLTI „Íslenska liðið stendur á tímamótum,“ segir Guðmundur Guðmundsson sem er tekinn við íslenska karlalandsliðinu í handbolta í þriðja sinn.

Undir stjórn Guðmundar vann Ísland til silfurverðlauna á Ólympíuleikunum í Peking 2008 og bronsverðlauna á EM í Austurríki tveimur árum síðar. Guðmundur gat haldið áfram að þjálffa Barein en vidurkennir það hefði verið erfitt að segja nei við íslenska landsliðið. „Eftir að hafa kannað hvernig menn horfa á þetta ákvæði ég að stökkva á þetta.“ – ips / sjá síðu 12



Guðmundur Þ. Guðmundsson, landsliðsþjálfari.

ELKO

#ÉGÆTLA AÐ FARA Í GÖNGUTÚRA

GARMIN VIVOSMART 3
0100175500
21.995

SÆKTU RADDSTYRK Í ÍSLENSKA NÁTTÚRU

NÝTT
HÁLSMIXTÚRUR ÚR HVÓNNI MED ENGIFER OG LAKKRIS

VOXIS

Gagnast gegn hósta, kvefi og þurrki í hálsi.

SAGA MEDICA

Vika í öskudag!

Finndu okkur á f i

PARTYBÚÐIN

Faxafeni 11 • Sími 534 0534

Veður



Suðaustanhvassviðri og rigning eða snjócoma og fremur milt veður, en snýst síðan í suðvestanátt með eljum. Hægari vindur og úrkomu-minna norðaustanlands. **SJÁ SÍÐU 16**

Föst nauðug á sama stað

LÖGREGLUMÁL Komið var í veg fyrir að Sunna Elvira Þorkelsdóttir, sem liggur alvarlega slösuð á spítala á Spáni, yrði flutt á betra sjúkrahús bæði í gær og fyrradag eins og til hefur staðið.

„Hvort það er einhver skrifinnnska eða lögreglan þarna ytra veit ég ekki,“ segir Páll Kristjánsson, lögmaður Sunnu hér heima. Hann segir íslensku lögregluna ekki hafa komið í veg fyrir flutninginn og Sjúkratryggingar Íslands hafi talið allt klappað og klárt þeirra megin.

„Þetta eru væntanlega spænsk lögreglufirvöld að reyna að pressa á að fá einhverjar upplýsingar og henni er í rauninni haldið nauðugri,“ segir Páll og bendir á að maður Sunnu sé í gæsluvarðhaldi hér á landi vegna máls sem virðist teygja anga sína til Spánar. „Ég veit ekki hvort þeir eru að reyna að koma einhverri óeðlilegri pressu á hann og beiti henni með þessum hætti.“



Sunna Elvira Þorkelsdóttir

Páll segist verulega ósáttur við hvernig tekið hefur verið á málinu hjá alþjóðadeild ríkislögreglustjóra. „Þegar ég spurði þá hvort verið væri að nota hana sem einhvers konar pressu eða þrýsting á að ná fram einhverjum upplýsingum beið ég í fjóra daga eftir svari og var svo bara vísað á borgarþjónustu utanríkisráðuneytisins, sem hefur eðli málsins samkvæmt ekkert með lögreglumál að gera,“ segir Páll.

Hann biður nú svars frá lögreglunni en hann hefur óskað sérstaklega eftir því að hún beiti sér fyrir því að Sunnu verði sleppt enda sé henni ekki haldið nauðugri að kröfu íslensku lögreglunnar. – aá

Landsréttarmálið rætt í Landsrétti



Meint vanhæfi Arnfríðar Einarsdóttur, dómara við Landsrétt, var til umfjöllunar í Landsrétti í gær. Vilhjálmur H. Vilhjálmsson lögmaður krafðist þess að hún viki sæti við meðferð máls skjólstæðisings hans á þeim grunni að hún hefði verið skipuð með ólögmatum hætti. Jón H.B. Snorrason saksóknari varðist kröfunni og sagði Arnfríði uppfylla öll skilyrði til að vera dómari. Beðið er úrskurðar Landsréttar um málið. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Hafnarfjörður kærir Garðabæ

SKIPULAGSMÁL Hafnafjarðarbær hefur kært fyrirhugaða lokun Garðabæjar á gamla Alftanesvegnum til úrskurðarnefndar um umhverfis- og auðlindamál.

„Þessi leið er mikið öryggisatriði. Verði veginum lokað þurfa sjúkra- og slökkviliðsbifreiðar að fara aðrar tafsamari leið í Norðurbæinn,“ segir Haraldur Línal Haraldsson, bæjarstjóri í Hafnarfirði.

Íbúar bæði Hafnafjarðarmegin og Garðabæjarmegin hafa mótmælt lokuninni á meðan íbúar í Prýðahverfi í Garðabæ hvetja til hennar til að minnka umferð við hverfið.

„Margir íbúar Hafnafjarðar nota þessa leið til að komast til Reykjavíkur. Lokunin beinir þeim bilum í gegnum íbúðahverfi sem eykur þar umferð og kílómetrafjölda. Þá er fyrirséð að íbúar Garðabæjar muni nú þurfa að aka inn í Hafnarfjörð til að komast leiðar sinnar innan Garðabæjar,“ segir Haraldur. – jõe

Hrafn má ekki innlima lóð undir blótstaðnum

Svonefndur hörgur sem allsherjagoði ásatrúarmanna helgaði við hús Hrafns Gunnlaugssonar er sagður ganga á aðgengi almennings að Laugarnestanga. Hrafn vildi innlima skikann í sína lóð „með tilliti til allra“ en borgin hafnar því.

SKIPULAGSMÁL Kvikmyndaleikstjórn Hrafns Gunnlaugssonar fær ekki að innlima í lóð sína skika undir svokölluðum hörgi nærri íbúðarhúsi hans í Laugarnesi.

Hrafn sendi umsókn um miðjan janúar til Reykjavíkurborgar um að fá að stækka lóð sína á Laugarnestanga 65. Sagði hann það vera vegna hörgs „sem merktur var ásum og vönum þann 1. júní 2015 af Hilmari Erni Hilmarsyni allsherjagoða“. Hörgur er blótstaður heiðinna manna.

EKKI náðist í Hrafn en í umsókn hans kemur fram að hörgurinn skarti líkneski af ásum Frey. „Allsherjagoðinn hefur síðan framkvæmt þar ýmsar helgar athafnir ásatrúar,“ upplýsir leikstjórnin.

Hrafn segir að í Verndaráætlun fyrir Laugarnestanga undirskrifaðri af Degi B. Eggertssyni borgarstjóra sé tilvera hörgsins staðfest. Þar segir að öllum sé frjálst umferð um hörginn.

„Hörgurinn nær niður fyrir fjöruborð að hluta til en sjór ber mól og þara inn í hann á háflæði og gerir kynngi hans enn magnaðri,“ lýsir Hrafn og útskýrir hvers vegna sameina eigi skikann lóð hans sjálfs. „Óskandi væri að hörgurinn stæði ótvírætt allur inn á lóðinni, með tilliti til allra er að málinu koma.“

Í umsögn embættis skipulagsfulltrúa um erindi Hrafns segir að samkvæmt lóðarskilmálum sé ekki leyfilegt að afmarka lóðir í Laugarnesi með girðingum, mönnum, limgerði eða öðru né að loka göngu-leiðum með strandlengju. „Opna svæðið við Laugarnestanga er skilgreint sem borgargarður og á svæðinu er mikið um búsetuminjar og



Blótstaðurinn sem hér sést til hægri í fjöruborðinu við hús Hrafns Gunnlaugssonar í Laugarnesi er talvert mannvirki og sérstakt. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Sjór ber mól og þara inn í hann á háflæði og gerir kynngi hans enn magnaðri.

Hrafn Gunnlaugsson leikstjóri



ströndin að mestu ósnortin. Allur tanginn er skilgreindur sem hverfisverndarsvæði.

Þannig leggur skipulagsfulltrúi til að stækkun lóðar Hrafns verði ekki samþykkt. „Samræmist ekki gildandi skipulagi og ekki talin ástæða til að lóðin innihaldi umræddan hörg þar sem gengur töluvert á opna svæðið að aðgengi almennings meðfram strandsvæðinu.“ gar@frettabladid.is

Hörgur er blótstaður

Talið er hörgar hafi upphaflega verið blótstaðir undir berum himni, líklega steinaltari. Á þetta bendir uppruni orðsins hörgur. Í Eddukvæðunum er getið um hörg, sem hlaðinn var úr steinum. Stundum virðast hörgarnir hafa verið hús. Getið er um hörga sem brunnu, og um hátimbraða hörga.

Á Íslandi hafa fundist tóftir sem talið er að séu af fornum hörgum og hefur ein þeirra verið rannsökuð. Kom þá í ljós að hörgurinn hefur verið hús í líkingu við hof en miklu minni.

Heimild: Wikipedia.

ÖSKUDAGSFJÖR Í HÓKUS PÓKUS!

Kr. 2500 Kr. 4990 Kr. 4800

HÓKUS PÓKUS

www.hokuspokus.is
Verslun og vefverslun
Laugavegi 69 S. 551-7955



RENAULT
Passion for life

Nýr Renault CAPTUR

Einn vinsælasti bíllinn í sínum flokki



KOMDU OG REYNSLUAKTU RENAULT CAPTUR Í DAG

Renault Captur er einn af vinsælustu bílum landsins í sínum stærðarflokki. Þessi sparneytni og snaggaralegi bíll hefur slegið í gegn hjá kaupendum sem vilja bíl sem þægilegt er að stíga inn í, þeir sitja hátt í og sjá vel út um alla glugga.

Renault Captur er fánlegur beinskíptur eða sjálfskíptur með bensín eða dísilvélum sem nota einungis frá 3,7l/100 km* í blönduðum akstri.

Komdu og reynsluaktu nýjum Captur í dag.

RENAULT CAPTUR ZEN
Verð frá: 2.750.000 kr.



„ÞÚ TANKAR SJALDNAR
Á RENAULT“

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhófa 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Framkvæmdastjórinn fagnar úttekt á fjárreiðum þjóðgarðsins

STJÓRNSÝSLA „Ég held að það sé bara fint fyrir alla að þetta sé skoðað, farið sé ofan í þetta og ég fagna því bara. Það er alls ekkert óeðlilegt.“ segir Þórður H. Ólafsson, framkvæmdastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs, um úttekt á fjárreiðum og rekstri þjóðgarðsins í fyrra sem nú stendur yfir að beiðni umhverfis- og auðlindaráðuneytisins.

Fréttablaðið greindi frá málinu í gær en tilefni úttektarinnar er framúrkeysla frá samþykktir rekstraráætlun þjóðgarðsins sem

Þórður tilkynnti hvorki stjórn né ráðuneytinu um eins og lög gera ráð fyrir. Ráðuneytið taldi útskýringar sem gefnar voru á frávikunum ófullnægjandi og óskaði eftir úttekt með vísan í lög um opinber fjármál.

Þórður segir að um sé að ræða um 70 milljóna króna framúrkeyslu, fyrst og fremst á launalið, sem hafi þrjár meginútskýringar. Í fyrsta lagi 15 milljónir sem féllu á garðinn eftir dóm er varðaði fjarvistaruppbót stórs hluta starfsmanna.

Í annan stað hafi Vatnajökuls-

þjóðgarður tekið óvænt við jörðinni Felli sem Jökulsárlón heyrir til, með tilheyrandi kostnaði við landverði og eftirlit.

„Við fengum ágiskaða einhverja upphæð í það sem dugði ekki og við þurfum að leggja 17 milljónir úr okkar sjóðum,“ segir Þórður. Þá hafi 40 milljónir farið í fullnustu á stofnanasamningi við Starfsgreinasambandið fyrir hönd landvarða og aukna landvörslu á svæðunum.

Aðspurður hvers vegna ráðuneytið telji þessar skýringar ófull-



Þórður H. Ólafsson

nægjandi segir Þórður það líklega tengjast því að frávikin hafi ekki verið tilkynnt. Lagaákvæðið sem vísað sé til sé tiltölulega nýtt og einhvern tímann verði að reyna á það. Ekkert í málinu þoli ekki skoðun.

„Nei, það á ekki að vera. Þetta er allt uppi á borðum hjá okkur. Útgjöld vegna launamála starfsmanna eru öll uppi á borðunum. Launaliðurinn var á sjötta hundruð milljónir í fyrra, svo þetta er ansi mikill rekstur hjá okkur.“

Þórður segir að sem forstöðumaður verði hann að axla þá ábyrgð sem stjórnarformaðurinn varpaði á hann með bókun á stjórnarfundum á dögunum.

„Það er enginn að skorast undan því.“ – smj



Eldri Navara pallbil. FRÉTTABLAÐIÐ/E. ÓL

Fá 1.600 þúsund fyrir ónýtan bíl

BÍLAR Hveragerðisbær tekur tilboði BL og selur bílaumboðinu Nissan Navara pallbil sem metinn er ónýtur vegna ryðs í grind af völdum verksmiðjugalla. Söluverðið er 1.600 þúsund krónur. Bærinn fær jafnframt 500 þúsund króna afslátt af nýjum pallbil.

Í greinargerð umhverfisfulltrúa bæjarins segir ekki hafa staðið til að selja bílinn en hjá því verði ekki komist.

Navara-bíllinn sem er af árgerð 2006 er einn margra sem þess galli hefur komið fram í. Hann er einnig að finna í Nissan Pathfinder jeppum sem eru með sams konar grind. – gar

Methækkanir á Suðurnesjum

FASTEIGNIR Íbúðaverð á Suðurnesjum hækkaði um 35 prósent milli 2016 og 2017, sem er næstum því fordæmalaus hækkan á einu ári. Verð hækkaði einnig mjög mikið í Árborg, Hveragerði og Ölfusi.

Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Íbúðalánasjóds. Einnig að skráningum á íbúðum til sölu fjölgaði mikið á seinni hluta síðasta árs. Íbúðir sem seljast yfir ásettu verði hafa ekki verið færri í þrjú ár. Hlutfall fasteignaverðs og leiguverðs er komið yfir sögulegt meðaltal. – bb

Umboðsmanni Alþingis gefið rými til rannsóknar á ráðherra

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis hefur frestað rannsókn sinni á embættisfærslum Sigríðar Á. Andersen dómismálaráðherra. Veita með því umboðsmanni Alþingis svigrúm til að taka málið til athugunar. Ekki liggur þó fyrir hvort umboðsmaður muni taka það til skoðunar. Þingmenn VG segja málið alvarlegt.

STJÓRNSÝSLA Stjórnskipunar og eftirlitsnefnd hefur frestað rannsókn sinni á embættisfærslum Sigríðar Á. Andersen við skipun fimmtán dómara í Landsrétt.

Ekki liggur fyrir hvort umboðsmaður Alþingis muni hefja frumkvæðisrannsókn á embættisfærslum ráðherrans eða almennt um skipan dómara við réttinn.

Þingmenn vinstri grænna segja alvarlegt að ráðherrar brjóti lög og fái á sig hæstaréttardóm en telja ekki tímabært að Sigríður segi af sér.

Helga Vala Helgadóttir, formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar, segir nefndina slá rannsókn sinni á frest til að veita umboðsmanni það svigrúm sem hann þarf ef hann vilji hefja frumkvæðisathugun á skipan Sigríðar Andersen.

Umboðsmaður Alþingis baðst undan viðtali við Fréttablaðið þegar eftir því var leitað og sagðist ætla að skoða málið í rólegheitunum.

„Umboðsmaður hefur sagt að hann skoði ekki málið á meðan það er til umfjöllunar í þinginu. Því er það ákvörðun okkar að fresta skoðun okkar á málinu og því getur umboðsmaður, telji hann ástæðu til, hafið athugun á skipan dómara í Landsrétt,“ segir Helga Vala.

Kolbeinn Proppé, þingmaður VG í nefndinni, segir líklegt að umboðsmaður hefji frumkvæðisathugun. Hann segir það ekki hafa komið til skoðunar að ráðherra víki á meðan málið er til rannsóknar.



Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd var einróma í því að fresta rannsókn sinni á dómaramálinu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Þegar Kolbeinn er spurður hve oft ráðherra þurfi að vera dæmdur fyrir embættisfærslur til að þurfa að segja af sér segist hann ekki vita svarið við þeirri spurningu.

„Það er ekki í lagi að neinn brjóti lög í starfi,“ segir Ólafur Þór Gunnarsson, þingmaður VG, um stöðu dómismálaráðherra.

„Við í þinginu erum búin að leggja töluverða vinnu í að fá botn í málið og afla nýrra gagna. Þing-

Þingflokkur VG mun mjög líklega taka snúning á málinu um leið og niðurstaða umboðsmanns liggur fyrir.

Ólafur Þór Gunnarsson, þingmaður VG



flokkur VG mun mjög líklega taka snúning á málinu um leið og niðurstaða umboðsmanns liggur fyrir,“ segir Ólafur Þór.

Lilja Rafney Magnúsdóttir, samflokkssmaður Ólafs, segir stöðuna grafalvarlega.

„Það er ekki hefð fyrir afsögn ráðherra hér á landi og við í VG höfum metið það sem svo að krefjast ekki afsagnar,“ segir Lilja Rafney. sveinn@frettabladid.is



SÉRTILBOÐ Á FIAT 500

400.000 KR. AFSLÁTTUR
INNIFALIÐ
VETRAR- OG SUMARDEKK
ÞJÓNUSTUSKOÐUN* Í 2 ÁR

FIAT 500 POP
TILBOÐSVERÐ FRÁ: 1.990.000 KR.
VERÐ FRÁ: 2.390.000 KR.

STADALBÚNAÐUR:
Loftkæling, snertiskjár, 15" álfelgur, bluetooth,
aksturstölv, bakskynjarar ofl.

5ÁRA
ÁBYRGÐ



Way of Life!

ÖFLUGUR SUZUKI S-CROSS

BEINSKIPTUR, SJÁLFSKIPTUR OG FJÓRHJÓLADRIFINN

KOMDU
OG PRÓFAÐU
HANN!



Nýr fjórhjóladrifinn Suzuki S-Cross

- meiri veghæð, nýjar öflugar- og sparneytnar vélar gera frábæran bíl enn skemmtilegri og til í hvað sem er. Þú kemst alla leið!

Suzuki S-Cross er með ríkulegan staðalbúnað.

VERÐ FRÁ KR.

▶ **3.990.000**

ALLGRIP

4WD All-grip skapar aksturseginnleika í sérflokk.

.....

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is



FLUTT MEÐ
EIMSKIP

.....

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

Fálki Ríkarðs seldur í London fyrir 200 þúsund

LISTMUNIR „Verðið var kannski í lægri kantinum en sanngjarnt,“ segir Sean Curtis-Ward, eigandi útskorins fálka eftir Ríkarð Jónsson sem seldur var á uppboði í London í gær.

Ekki er gefið upp hver kaupandi fálkans er en Sean, sem sjálfur fylgdist með uppboðinu á netinu, segist telja að það hafi verið einhver á staðnum sem átti hæsta boðið. Nokkur tilboð hafi einnig borist um netið.

Söluverð fálkans var 1.100 pund – sem með þóknun Chiswick-uppboðshússins er 1.430 pund, jafnvirði rétt rúmlega 200 þúsund króna. Verðmat Chiswick var hins vegar 400 til 600 pund.

Eftir að Fréttablaðið sagði í síðustu viku frá fyrirhuguðu uppboði höfðu tveir íslenskir aðilar samband við blaðið og lýstu áhuga á að komast í samband við eiganda fálkans með kaup í huga. Fyrirtæki í Reykjavík bauð 1.000 pund

og fékk því ekki gripinn. Heldur ekki lðnaðarmannafélag Reykjavíkur.

„Við höfðum fullan hug á að reyna að komast yfir þennan grip en svigrúmið var naumt,“ segir Jón Svavarsson, ritari lðnaðarmannafélags Reykjavíkur sem á fyrir nokkra gripi eftir Ríkarð. Jón kveðst hafa reynt að bjóða í fálkann í gegn um netið en sé ekki viss hvort uppboð hans upp á 600 pund hafi skilað sér.

„Við sáum fyrir okkur að það væri kær komið að eignast þennan grip þar sem Ríkarður var hluti af okkar félagi á sínum tíma og gerði meðal annars þá glæsilegu baðstofu sem við eigum í Vonarstræti,“ segir Jón. „En mest höfðum við áhuga á því að fálkinn kæmist í íslenska eigu.“ – gar



Fálkinn seldist á jafnvirði 200 þúsund króna.

Lagerhúsnæði í GARÐABÆ

Um er að ræða tvær sjálfstæðar einingar 920 ferm og 350 (400) ferm. Lofthæð er um 4.5 metrar.

Húsnæðið getur verið laust á næstu 2 – 3 vikum.

Upplýsingar í síma 772 1312 og 899 2841

Innviðasjóður Umsóknarfrestur 15. mars

Rannís auglýsir eftir umsóknum um styrki úr Innviðasjóði.

Hlutverk sjóðsins er að byggja upp rannsóknainviði á Íslandi. Innviðasjóður veitir styrki til kaupa á tækjum, gagnagrunnum og hugbúnaði og öðrum þeim búnaði sem telst mikilvægur fyrir framfarir í rannsóknum.

Við úthlutun úr Innviðasjóði er tekið mið af úthlutunarstefnu Innviðasjóðs og eftirtalin atriði lögð til grundvallar:

- Að innviðirnir séu mikilvægir fyrir framfarir í rannsóknum á Íslandi og fyrir rannsóknir umsækjenda
- Að fjárfesting í innviðum skapi nýja möguleika til rannsókna og/eða innviðirnir tengist verkefnum sem Rannsóknasjóður styrkir
- Að innviðirnir auki möguleika á menntun og þjálfun á viðkomandi fræðasviði
- Að samstarf verði um nýtingu innviða milli stofnana eða milli stofnana og fyrirtækja með fyrirsjáanlegum hætti
- Að áætlanir um kostnað og fjármögnun séu raunhæfar

Innviðir sem komið er upp með styrk frá sjóðnum skulu vera aðgengilegir öðrum rannsóknahópum eftir því sem svigrúm er til og skal sjóðnum gerð grein fyrir hvernig aðgengi verður háttáð.


Umsækjendur skulu kynna sér vel reglur sjóðsins áður en umsókn er gerð.

Nánari upplýsingar og aðgangur að rafrænu umsóknarkerfi á www.rannis.is.



rannís
www.rannis.is

Sluppu með skrekkinn



Það þykir kraftaverki næst að enginn hafi týnt lífi þegar vegbrú í byggingu hrundi í Brasilíu miðri í gær. Fjögur ökutæki lentu undir brakinu þegar brúin gaf sig en ökumenn og farþegar komust lífs af. Umferðartafir urðu talsverðar vegna atviksins. Rannsókn á því hví brúin gaf sig hófst strax í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Námsmenn taka séns með ofvirknilyfjum

Ný rannsókn sýnir að tæp 7 prósent framhaldsnema við Háskóla Íslands hafa misnotað örvandi lyfseðilsskyld lyf. Ávisun metýlfenídats jókst um 13 prósent í fyrra. Stundum engar skýringar að fá frá læknum sem eru stórtækir í ávisunum.

HEILBRIGÐISMÁL „Það eru einhverjar hugmyndir hjá fólki um að þetta bæti námsárangur,“ segir Ólafur B. Einarsson, verkefnastjóri lyfjamála hjá Embætti landlæknis, um misnotkun námsmanna á lyfseðilsskyldum metýlfenídats-lyfjum sem jafnan eru notuð til að meðhöndla ADHD og tengdar raskanir. Varasamt sé fyrir fólk að taka lyfin án samráðs við lækni.

Ný BS-rannsókn við Háskóla Íslands sýnir að tæp sjö prósent framhaldsnema við skólann hafa misnotað örvandi lyfseðilsskyld lyf í öðrum tilgangi en læknisfræðilegum.

Leiðbeinandi í umræddu verkefni var Bergljót Gyða Guðmundsdóttir en í doktorsverkefni hennar við University of Rhode Island árið 2016 kom fram að um 13 prósent íslenskra háskólanema í grunnnámi hafi misnotað örvandi lyf sem þessi.

Ólafur er einn höfunda greinar í nýjasta tölublaði Læknablaðsins þar sem birt er ný tölfræði yfir ávisun metýlfenídats-lyfja í fyrra. Heildarfjöldi þeirra sem fengu lyfinu ávisað jókst um 13 prósent milli ára, nýir notendur voru nærri 3.200 og hefur fjöldi nýrra notenda aukist um 78 prósent frá 2012 til 2017.

Íslendingar eru sér á parti meðal

Það er eins með amfetamín og metýlfenídats að það vantar oft skýringar á hvers vegna fólk er á himinháum skömmtum af þessum lyfjum.

Ólafur B. Einarsson, verkefnastjóri lyfjamála hjá Embætti landlæknis



Evrópuþjóða varðandi fjölda notenda og það magn sem ávisað er. Misnotkun lyfja sé hins vegar síst minna heilbrigðisvandamál en misnotkun ólöglegra efna.

Í greininni segir að landlæknisembættið fái reglulega vísendingar um að lyfin gangi kaupum og sölum, meðal annars hjá námsmönnum.

„Ötvírátt er að lyfin geta hjálpað fólki að vaka og halda einbeitingu og að þau hjálpi fólki með ADHD en varasamt getur verið að fólk sé að taka lyfin án samráðs við lækni.“

Talsverður fjöldi þeirra sem fá ávisað þessum lyfjum eru á þeim í afmarkaðan tíma en embættið hefur

áhyggjur af langtímanotkun fólks á þeim í mjög stórum skömmtum.

Þannig hafi 74 einstaklingar fengið ávísing á dag í fyrra og 20 einstaklingar 40 mg af amfetamíni. Fram kemur í greininni þessar ávísanir séu bundnar við fámennan hóp lækna og að embættið hafi leitað skýringa. Ólafur segir að í sumum tilfellum hafi engar fengist.

„Skýringarnar voru mismunandi. Það er misjafnt hvað einstaklingar þurfa mikið af lyfjum almennt. Það eru alltaf einhver frávik. En í sumum tilfellum eru engar skýringar á þessum skömmtum. Það er eins og sumum læknum sé frjálstara að ávísa stærri skömmtum.“

Aðspurður um amfetamín segir Ólafur að ávísanir á það séu ekki algengar. Það sé meðal annars notað við ADHD og drómasýki (e. narcolepsy) og í tilfellum þar sem metýlfenídats hefur ekki virkað.

„En það er eins með amfetamín og metýlfenídats að það vantar oft skýringar á hvers vegna fólk er á himinháum skömmtum af þessum lyfjum. Það er líka umhugsunarvert að talsverður hluti þessara lyfja ratar á svartan markað.“

mikael@frettabladid.is

Vegan

Tveir nýir grænmetisréttir

ÞEIR SEM ERU VEGAN ELSKA

Þykkvabæjar

Ofn
200°C
í 20 mín.
Örbylgjuofn
3 mín.

AUSTURLENSKUR
GRÆNMETISRÉTTUR

Þykkvabæjar

HÆFILEGT
FYRIR TVO

Næringargildi
Orka
Fitu
100 g
383 kJ / 92 kcal
- þar af mettaðar

Þyngd: 500 g

MEXÍKÓSKUR
GRÆNMETISRÉTTUR

Þykkvabæjar

Vegan

← Nýtt →

Neyðarlög sett og dómarrar handteknir

Hermenn handtóku forseta hæstaréttar á Maldiveyjum. Hæstiréttur hafði skipað forseta ríkisins að leysa stjórnarandstæðinga úr haldi. Því hugðist lögregla framfylgja en ríkislögreglustjóri var rekinn. Ný neyðarlög gera her landsins kleift að handtaka fólk án heimildar.

MALDÍVEYAR Hermenn á Maldiveyjum handtóku í gær Abdulla Saeed, forseta hæstaréttar, og Ali Hameed hæstaréttardómara skömmu eftir að ríkisstjórn landsins lýsti yfir neyðarástandi í landinu.

Þegar Fréttablaðið fór í prentun höfðu yfirvöld ekki greint frá því hvað dómarrarnir væru sakaðir um en handtökurnar voru heimiladar með samþykkt neyðarlaga í gær. Lögin heimila hermönnum að handtaka fólk án heimildar og banna jafnframt fjöldasamkomur, til að mynda mótmæli.

Talið er víst að handtökurnar tengist úrskurði hæstaréttar frá því í síðustu viku um að Abdulla Yameen forseta beri að sleppa stjórnarandstæðingum úr haldi. Þá komst hæstiréttur einnig að þeirri niðurstöðu að réttarhöld ársins 2015 yfir Mohamed Nasheed, fyrrverandi forseta, hefðu verið ólögleg.

Þau réttarhöld höfðu Amnesty International og bandaríska utanríkisráðuneytið áður fordæmt. Sögðu samtökin meðal annars að réttarhöldin hefðu verið pólitísk en Nasheed var sakfelldur fyrir að hafa fyrirskipað handtöku Abdulla Mohamed dómara.

Ríkislögreglustjóri Maldiveyja sagði í síðustu viku að hann ætlaði að framfylgja dómi hæstaréttar um að frelsa stjórnarandstæðinga. Ekki gafst þó tækifæri til þess þar sem ríkisstjórn Yameen rak hann sama dag.



Abdulla Yameen, forseti Maldiveyja, er umdeildur. NORDICPHOTOS/AFP

Hefur maldiveyska hernum nú verið gert að berjast á móti hvers kyns tilraun til að steypa Yameen af stóli.

Fyrirnefndur Nasheed sagði við BBC í gær að aðgerðir ríkisstjórnarinnar, meðal annars handtakan á fyrrverandi forsetanum Maumoon Abdul Gayoom, væru með öllu ólög-

legar. Um valdarán væri að ræða. „Maldiveyingar hafa fengið nóg af þessari glæpsamlegu ógnarstjórn. Yameen forseti ætti að segja af sér.“

Árið 2016 sagði Nasheed að hann ætlaði að snúa aftur heim frá Bretlandi, þar sem hann er nú með pólitískt hæli, og bjóða sig fram til

forseta. Þær kosningar munu fara fram síðar á árinu en óljóst er hvort nokkrir stjórnarandstæðingar muni geta boðið sig fram.

Í gær óskaði hann eftir því á Twitter að Indverjar gripu inn í og sendu sendibóða á fylgd hermanna til eyjaklasans. Fyrir því er fordæmi

Maldiveyingar hafa fengið nóg af þessari glæpsamlegu ógnarstjórn. Yameen forseti ætti að segja af sér.

Mohamed Nasheed, fyrrverandi forseti Maldiveyja

en indverski herinn greip inn í árið 1988 og kom í veg fyrir valdaránstíraun.

Frá því Yameen komst til valda árið 2013 hefur ríkisstjórn hans verið harðlega gagnrýnd fyrir takmörkun tjáningarfrelsis, handtökur stjórnarandstæðinga og afskipti af dómvaldinu.

Utanríkisráðuneyti Bandaríkjanna sagði í tilkynningu í gær að Bandaríkin stæðu með maldiveysku þjóðinni. Sagði ráðuneytið enn fremur að lögregla hefði brugðist dómstólum og að Yameen forseti hefði „fangelsað eða sent hvern einasta áberandi stjórnarandstæðing í útlegð“.

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna var stuttordara. Benti það á í tísti að heimurinn fylgdist nú með Maldiveyjum. Ríkisstjórnin og herinn yrðu að fylgja lögum og reglum og að ekki mætti skerða tjáningarfrelsi ríkisborgara. — þea



Hvert stefnir Reykjavík?

Íbúafundur um borgarmál
Miðvikudaginn 7. feb klukkan 20:00
í Golfskálanum Grafarholti

Kaffi og kleinur í boði

Allir velkomnir.

Fresta stefnuræðu Zuma

SUDUR-AFRÍKA Ríkisstjórn Suður-Afríku ákvað í gær að fresta stefnuræðu forseta. Þetta tilkynnti Baleka Mbete, forseti þingsins, en sagði ekki hvenær ræðan yrði haldin í staðinn.

Stjórnarandstaðan fór fram á þennan frest vegna þess að greidd verða atkvæði um vantraust á Jacob Zuma forseta þann 22. febrúar næstkomandi. Þótti þeim ótækt að Zuma flytti ræðu sína, sem samkvæmt áætlun átti að vera á fimmtudaginn, þegar óljóst er hvort hann verði yfir höfuð forseti í mánaðarlok.

Mikill þrýstingur er á Zuma að segja af sér vegna spillingsmála sem hann hefur verið sakaður um. Hefur hann nú þegar misst formannssætið í Afríska þjóðarráðinu til Cyril Ramaphosa. Í yfirlýsingu frá stofnun Nelsons Mandela í gær sagði að stjórnmöld hefðu stolið með kerfisbundnum



Jacob Zuma

hætti af suðuráfrísku þjóðinni. Zuma þurfi að víkja fyrir eða síðar.

Þá dró einnig til tíðinda í gær þegar Jessie Duarte, varaformaður Afríska þjóðarráðsins sagði á blaðamannafundi að leiðtogar flokksins myndu taka stóra ákvörðun um „alvarlegt mál“ í dag. „Við höfum rætt framtið Jacobs Zuma og þetta mál fer fyrir yfirlýsingu flokksins á miðvikudaginn [í dag],“ sagði Duarte sem vildi ekki greina frekar frá málinu og sagði einungis að það væri mikilvægt almannahagsmunum. — þea

Norður-Kórea plati engan

SVISS Það er einungis mánaðaspursmál hvenær Norður-Kórea getur skotið kjarnorkusprengrum á Bandaríkin. Koma þarf í veg fyrir að það verði mögulegt og afvopna þarf ríkið. Þetta sagði Robert Wood, fulltrúi Bandaríkjanna, á fundi á vegum Sameinuðu þjóðanna um kjarnorkuvopn í svissnesku borginni Genf í gær.

Norður-Kóreumenn kenndu Bandaríkjamönnum hins vegar um að auka spennuna á Kóreuskaga. Þeir hafi staðsett flugmóður-skip sín nærri skaganum og ihugi nú að ráðast á höfuðborgina Pjongjang.

„Norður-Kórea hefur gefið verulega í kjarnorkuáætlun sinni og ítrekað hótad notkun kjarnorkuvopna gegn Bandaríkjunum sem og bandamönnum þeirra í þessum heimshluta,“ sagði Wood og bætti við:

„Norðurkóreskir embættismenn fullyrða að þeir muni ekki láta af áformum sínum og afkjarnorkuvopnavæðast. Nú eru líklega einungis mánuðir þar til ríkið getur skotið kjarnorkuvopnum á Bandaríkin.“

Wood gagnrýndi einnig harðlega vinskapið sem einræðisstjórnin hefur sýnt nágrönnunum í suðri nýverið. Hafa Norður-Kóreumenn

til að mynda mætt til viðræðna. Jafnframt mun ríkið senda lið á Vetarólympíuleikana í Pyeongyang, Suður-Kóreu. „Þetta, sem ég myndi kalla sjarmaherferð, er ekki að plata neinn,“ sagði Wood. — þea



Kim Jong-un, einræðisherra Norður-Kóreu.

NORDICPHOTOS/AFP



Sænska þingið vill vita hversu mikið er í buddu Svía. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vilja vita allt um eignir Svía

SVÍÞJÓÐ Meirihluti sænska þingsins vill fá meiri upplýsingar um eignir og skuldir Svía. Samkvæmt könnun Sænska dagblaðsins er Jafnaðarmannaflokkurinn fylgjandi því að slíkar upplýsingar verði aðgengi- legar. Svíþjóðardemókratar andvígir en Hægri flokkurinn óákveðinn.


Eignaskattur var afdnuminn í Svíþjóð fyrir 10 árum. Síðan hafa ekki legið fyrir upplýsingar um hversu miklar eignir einstaklinga eru. Í frétt Sænska dagblaðsins segir að þar með hafi heildarmyndin ekki legið fyrir þegar teknar hafa verið ákvarðanir sem áhrif hafa á efnahag heimilanna og ríkisins. – **ibs**

Færri fara á hótél á Íslandi

EFNAHAGSMÁL Gistinóttum erlendra ferðamanna á heilsárshótelum fjölgaði um 10,7 prósent á síðasta ári. Þær voru rúmlega 3,8 milljónir samanborið við tæplega 3,5 milljónir árið 2016.

Hagfræðideild Landsbankans segir að þetta sé minnsta fjölgun gistinátta síðan árið 2010, þegar þeim fækkaði um 1,9% frá fyrra ári. Hagfræðideildin segir að fjölgun gistinátta hafi verið töluvert mikil og fylgst að við þá miklu fjölgun sem orðið hefur á komum erlendra ferðamanna. Á síðustu árum hafi fjölgun gistinátta á heilsárshótelum hins vegar alltaf verið minni en sem nemur fjölgun ferðamanna.

„Af því má ráða að fjöldi hótél- gistinátta á ferðamann hafi stöðugt dregist saman,“ segir hagfræðideildin. Ástæðan er rakin til aukinnar eftirspurnar eftir Airbnb. – **jhh**



Sjúkrahús í Bergen býður múslimum þjónustu ímams. NORDICPHOTOS/AFP

Ráða ímam á norskan spítala

NOREGUR Haukeland-háskólasjúkrahúsið í Bergen verður fyrsta sjúkrahúsið í Noregi sem ræður til starfa ímam, það er leiðtoga múslima. Til að byrja með verður ímaminn í 20 prósentu starfi í eitt ár. Hann fær greitt af því fjármagni sem ætlað er til þjónustu presta við sjúkrahúsið.

Á mörgum öðrum norskum sjúkrahúsum starfa svokallaðir menningarráðgjafar sem sinna meðal annars ýmsum verkefnum ímams. Menningarráðgjafarnir eiga að veita starfsmönnum upplýsingar sem þeir þurfa á að halda í samskiptum við sjúklinga frá öðrum menningarheimi og með aðrar lífs- skoðanir. – **ibs**

Fjórðungur starfsmanna vinnur styttri vinnuviku

REYKJAVÍKURBORG Í vor munu um 2.200 af 8.500 starfsmönnum hjá Reykjavíkurborg vinna á bilinu 37 til 39 stunda vinnuviku í stað hefð- bundinna 40 stunda. Annar áfangi tilraunaverkefnisins um styttingu vinnuvikunnar hefst á mánudaginn. Magnús Már Guðmundsson, borgarfulltrúi og formaður stýri- hóps um tilraunaverkefnið, segir að samstundis muni vinnuvikan styt- ast hjá flestum þessara starfsmanna.

Magnús segir niðurstöðurnar líta vel út eftir að fyrsta áfanga verk-



Magnús Már Guðmundsson

efnisins er lokið. „Við erum að mæla starfsánægju, líkamleg einkenni álags, andleg einkenni álags, starfs- anda og fleira,“ segir Magnús. Svo er fylgst með veikindafjarvistum og fleiru.

„Í leikskólanum var veikindahlut- fall að lækka um 3-3,5 prósent á milli ára,“ segir hann. Tilgangurinn með áfanga tvö í verkefninu er meðal annars að sjá langtímaáhrif á þá starfsmenn sem taka þátt. „En líka að sjá þetta á öðrum starfsstöðum, eins og búsetukjörnum,“ segir hann.

Magnús segir að hugmyndin að baki verkefninu sé sú að ánægður starfsmaður sé betri starfsmaður. Hann komi úthvildari og léttari til leiks þegar vinnustundirnar eru færri. Hann skipuleggi sig með

þeim hætti að það sé hvatning að vera búin fyrr og þannig hefur reynslan verið.

„Þeir stjórnendur sem hafa verið inni í verkefninu tala um að það hafi dregið úr skreppi,“ segir Magnús. Fólk tímastillir verkefni sín, hvort sem það er að fara í klippingu eða til læknis, út frá frí- tímanum sem það hefur í stað þess að skreppa í vinnunni. „Yfirmenn geta því gengið að starfsmönnum sínum vísam í húsi,“ segir Magnús. – **jhh**



Heima er best.

LANGTÍMASAMBAND Á LEIGUMARKAÐI

Traustur leigumarkaður sem byggir á langtímasambandi er mikilvægur partur af heilbrigðum og stöðugum húsnæðismarkaði. Markmið okkar er að taka þátt í að byggja upp leigumarkað á Íslandi eins og þekktist á Norðurlöndunum og víðar í Evrópu. Um tvö þúsund fjölskyldur búa nú þegar í öruggri langtímaleigu hjá okkur á höfuðborgarsvæðinu og víða um land.

www.heimavellir.is

**HEIMA
VELLIR**
ÖRUGGLEIGA

SKOÐUN

Nóg komið



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Samfélagi ber að tryggja öryggi og velferð allra barna. Það er því þyngra en tárur taki að nú stöndum við frammi fyrir því að lykilstofnanir hafi brugðist þessu mikilvæga hlutverki og það itrekað. Við þessu verðum við að bregðast og það ekki einvörðungu með því að rannsaka og komast að því hvað fór úrskeiðis, heldur hljótum við að þurfa að meta ábyrgðina og útiloka að slíkt geti gerst aftur.

Bæði lögregla og barnaverndaryfirvöld brugðust stórlega skyldum og ábyrgð í máli er varðar fyrrverandi starfsmann Barnaverndar. Starfsmaðurinn er grunaður um fjölda brota gagnvart börnum og vart þörf á að tíunda hversu óskiljanlegt það er að tilkynningar um meint athæfi mannsins hafi itrekar dagað uppi innan kerfisins. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur var gert viðvart árið 2002 og aftur árið 2008 en tilkynningar bárust lögreglunni árin 2013, 2015 og 2017.

Lögregla og velferðarsvið Reykjavíkurborgar hafa bæði brugðist við en hvort rannsóknir og áhættugreiningar á vegum sömu stofnana á sjálfum sér duga til er umhugsunarefni. Í fámennu samfélagi eins og á Íslandi er viðbúið að stutt sé á milli einstaklinga innan stofnana samfélagsins. Það ætti því að setja kröfu á okkur umfram stærri samfélög að utanaðkomandi aðilar séu fengnir til þess að rannsaka alvarleg mistök og embættisglöp. Athafnir eða athafnaleysi sem hafa mögulega leitt til þjáninga fjölda barna.

Þetta er ekki spurning um einhverjar nornaveiðar innan þessara stofnana heldur er þetta eðlileg krafa samfélags sem vill tryggja öryggi og velferð barna. Ef eitthvað er þá ættu þessar stofnanir að krefjast þess að utanaðkomandi aðilar verði fengnir til þess að rannsaka hvað fór úrskeiðis og með hvaða hætti því án þess er hætt við að traustið fari hratt rýrnandi. Og það er fátt sem er stofnunum sem þessum viðlíka mikilvægt og traust til þess að geta sinnt störfum sínum með fagmannlegum og vönduðum hætti.

Auðvitað þarf þó að koma til viðunandi fjármagn og mannafla en lengi virðist slíku hafa verið ábótavant í löggæslumálum. Ef horft er til verkefna nokkurra deilda hlýtur að liggja ljóst fyrir að brýn þörf er á að bregðast við. Það má t.d. horfa til gríðarlega aukins álags á löggæslu vegna fjölgunar erlendra ferðamanna, netglæpir vaxa á margföldum hraða miðað við fjárframlög í málaflöknum og síðast en ekki síst virðist lögreglan vart hafa undan við rannsóknir og afgreiðslu kynferðisbrota.

Árum saman höfum við vanrækt innviði íslensks samfélags í nafni aðhalds, sparnaðar og stöðugleika. Löggæsla og velferð í landinu hafa svo sannarlega ekki farið varhluta af þessu. Hvernig ætlum við þá að takast á við það ef mistökin innan þessara kerfa má rekja til sparnaðar? Ætlum við að horfa framan í okkur sem samfélag og viðurkenna að það hefur verið gengið of langt og að fórnarkostnaðurinn hafi jafnvel verið velferð barna? Er ekki kominn tími til að byggja upp öruggt samfélag velferðar og umhyggju þó svo það sé jafnvel stundum á kostnað heilags hagvaxtar?

Þetta er ekki spurning um einhverjar nornaveiðar innan þessara stofnana heldur er þetta eðlileg krafa samfélags sem vill tryggja öryggi og velferð barna.

Halldór



Frá degi til dags

Ráðherra í óánægjuskafli Þórdís Kolbrún Reykfjörð ferðamálaráðherra sendi höfuðborgarbúum tóninn á Twitter í gær þar sem hún spurði: „Hvenær hættu höfuðborgarþið að kunna að keyra í smá snjó?“ Skenskið fór illa í virka í athugasemdu og Kolbrún var meðal annars gagnrýnd fyrir að tista svona löguðu úr aftursæti ráðherrabifreiðar. Hún var fljót að reyna að spóla sig úr óánægjuskafinum með því að benda á að hún „var nú bara að slá á léttu strengi eftir að hafa verið í 25 mínútur á u.þ.b. 400 m kafla á Nýbýlaveginum.“

Strákurinn Stína? Helgi Hrafn Gunnarsson, þingmaður Pírata, úrskurðaði mannanafnanefnd úrelta á þingi í gær og benti á skekkjuna við að stúlku væri meinað að heita Alex. Þingheimur hló þegar Alex Björn Bulow Stefánsson, varaþingmaður Framsóknarflokksins, steig í pontu á eftir Helga. Alex Björn gerði síðar snaggaralega athugasemd á Vísu við frétt um uppkomuna: „Svo því sé haldið til haga - þá var mömmu minni tjáð ég væri kvenkyns áður en annað kom í ljós í fæðingarstofunni. [...] Það var svo að ég hefði vel getað heitið Alex og verið kvenmaður enda prestar í þá tíð sem tóku ákvörðun um slíkt.“ thorarinn@frettabladid.is

Framkvæmdaárið 2019



Sigurður Hannonsson
framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins

Það var framsýn þjóð sem byggði upp samfélagið á síðustu öld frá fátækt yfir í velsæld. Þrátt fyrir lítil efni var fjárfest í innviðum landsins enda eru þeir grundvöllur mikillar verðmætasköpunar. Sjávarútvegur reiðir sig á góðar hafnir, ferðaþjónusta á örugga vegi og flugvelli og iðnaður á aðgengi að rafmagni svo dæmi séu tekin. Ástand innviða á Íslandi er nú óásættanlegt. Uppsöfnuð viðhaldsþörf nemur á fjórða hundrað milljarða króna samkvæmt skýrslu sem Samtök iðnaðarins og Félag ráðgjafarverkefnaðinga gáfu út síðastliðið haust. Of lítið viðhald undanfarinna ára er farið að bitna á gæðum og öryggi. Ljóst er að bæta þarf verulega í fjárframlög til að vinna á vandanum.

Samhliða ævintýrlegum vexti í ferðaþjónustu undanfarin ár hefur umferð um vegi landsins aukist mikið. Fjárframlög hafa ekki fylgt þessari þróun. Sé horft til síðustu 50 ára er fjárfesting í þjóðvegakerfinu nú í sögulegu lágmarki sem hlutfall af landsframleiðslu. Framlög til viðhalds og þjónustu eru einnig nokkuð undir hálfir aldar meðaltali. Eitt hundrað milljarða þarf á næstu fimm árum til að koma þjóðvegakerfinu í ásættanlegt horf. Á þessu ári rétt næst að halda í horfinu og ekki eru fjármunir til að vinna á uppsöfnuðum vanda.

Framkvæmdir minnka milli ára

Undanfarin ár hafa Samtök iðnaðarins haldið útboðsþing þar sem sveitarfélög, orku- og veitufyrirtæki, Vega-gerðin og fleiri hafa fjallað um fyrirhugaðar framkvæmdir sínar á árinu. Árið 2016 voru kynntar framkvæmdir upp á um 100 milljarða, 90 milljarða árið 2017 en tæplega 80 milljarða nú í ár. Þetta er ein birtingarmynd pólitísks óstöðugleika. Nú þegar stöðugleika hefur verið komið á er ekki annars að vænta en að forgangsraðað verði í þágu innviðauppbyggingar og þess hljóta að sjást merki í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar sem birt verður í vor. Það er ekki í boði að biða lengur.

Það er ekki einungis nauðsynlegt að ráðast í framkvæmdir heldur er núna rétti tíminn fyrir framkvæmdir samhliða því að það hægir á vexti hagkerfisins. Við hljótum því að sjá fram á framkvæmdaárið 2019.



Árið 2016 voru kynntar framkvæmdir upp á um 100 milljarða, 90 milljarða árið 2017 en tæplega 80 milljarða nú í ár.

SÍÐUSTU
KOMDU NÚNA!
DAGAR
ÚTSÖLUNNAR
20-60% AFSLÁTTUR
rekkjan
HEILSURÚM

Tekur við liði á tímamótum

Guðmundur Guðmundsson er tekinn við íslenska karlalandsliðinu í handbolta í þriðja sinn. Hann átti möguleika á að halda áfram með Barein en valdi íslenska liðið sem hann segir að standi á tímamótum.

HANDBOLTI Guðmundur Guðmundsson var kynntur sem nýr þjálfari íslenska karlalandsliðsins í handbolta á blaðamannafundi í höfuðstöðvum Arion banka í gær. Hann skrifaði undir þriggja ára samning við HSÍ sem ákvað að framfengja ekki samning Geirs Sveinssonar sem hefur stýrt íslenska liðinu síðan 2016.

Þetta er í þriðja sinn sem Guðmundur tekur við íslenska landsliðinu. Hann þjálfaði það fyrst á árunum 2001-04 og svo aftur frá 2008 til 2012. Undir stjórn Guðmundar vann Ísland til silfurverðlauna á Ólympíuleikunum í Peking 2008 og bronsverðlauna á EM í Austurríki tveimur árum síðar. Þá lenti íslenska liðið í 4. sæti á EM 2002 í Svíþjóð, 5. sæti á Ólympíuleikunum 2012, 6. sæti á HM 2011 og 7. sæti á HM 2003.

Guðmundur gerði danska landsliðið að Ólympíumeisturum 2016 en hætti þjálfun þess eftir HM 2017 og tók við bareinska landsliðinu. Guðmundur stýrði Barein til silfurverðlauna á Asíuleikunum í síðasta mánuði og hart var lagt að honum að halda áfram með bareinska liðið.

„Ég er nýkominn heim frá Barein og var með mjög álitlegt tilboð þaðan. Síðan hafði HSÍ samband við mig og ég ákvað að fara í viðræður. Og eftir að hafa kannað hvernig menn horfa á þetta ákvað ég að stökkva á þetta,“ sagði Guðmundur sem vísar til þess að það hefði reynst erfitt að segja nei við íslenska landsliðið.

„Það er mjög erfitt og mér hefur alltaf liðið vel þegar ég hef starfað fyrir HSÍ. Ég hef notið þess að þjálfa íslenska landsliðið. Svo fæ ég til liðs við mig frábæra aðstodarmenn,“ sagði Guðmundur.

Honum til aðstoðar með íslenska liðið verða Gunnar Magnússon og Thomas Svensson. Guðmundur og Gunnar hafa unnið lengi saman og



Það var létt yfir Guðmundi Guðmundssyni á blaðamannafundi í höfuðstöðvum Arion banka í gær. Með honum á mynd eru Guðmundur B. Ólafsson, formaður HSÍ, og Róbert Geir Gíslason, framkvæmdastjóri HSÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Guðmundur vann með Svensson hjá danska landsliðinu og Rhein-Neckar Löwen. Hinn sænski Svensson var á sínum tíma í hópi bestu markvarða heims og gerði Íslendingum oftast en ekki lífið létt.

Árangur íslenska liðsins á síðustu stórmótum hefur ekki verið beysinn og ljóst er að verkefnið sem biður Guðmundar er ærið.

„Íslenska liðið stendur á tímamótum. Það verður krefjandi verkefni að vinna með það, ná meiri stöðugleika og vonandi betri árangri,“ sagði Guðmundur sem hefur fylgst náið með gangi íslenska liðsins eftir

að hann hætti sem þjálfari þess eftir Ólympíuleikana í London 2012.

Fyrsta verkefni Guðmundar með íslenska liðið er fjögurra þjóða mót í Noregi í byrjun apríl. Þar mæta Íslendingar heimamönnum, Dönum og Frökkum. Leikirnir eru liður í undirbúningi fyrir umspil um laust sæti á HM 2019 þar sem Ísland mætir Litháen. Guðmundur hefur alltaf borið mikla virðingu fyrir andstæðingnum, sama hversu sterkur hann er, og Litháar eru engin undantekning.

„Þetta er tækifæri sem við þurfum að nýta. Það er ekkert gefins í þessu.

Íslenska liðið stendur á tímamótum. Það verður krefjandi verkefni að vinna með það.

Guðmundur Guðmundsson

Við spiluðum við þá þegar ég var með danska landsliðið og við þurftum að hafa fyrir hlutunum. Þetta var góður dráttur fyrir íslenska liðið en það þýðir ekki að ég vanmeti þá,“ sagði Guðmundur.

ingvithor@frettabladid.is



Kristinn Pálsson, leikmaður Njarðvíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Þurfa að greiða uppeldisbætur fyrir Kristin

KÖRFUBOLTI FIBA, Alþjóðakörfuknattleikssambandið, hefur dæmt körfuknattleiksdeild Njarðvíkur til að greiða ítalska liðinu Stella Azzura yfir 1,2 milljónir króna í uppeldisbætur fyrir Kristin Pálsson.

Njarðvíkingar sendu í gær frá sér yfirlýsingu um málið. Þar lýsa þeir yfir vonbrigðum sínum með dóminn og segja hann fásinnu. Er því mótmælt að Stella Azzura teljist uppeldisfélag Kristins. Hann hafi byrjað sex ára að æfa körfubolta með Njarðvík og gert allt þar til hann fór til Ítalíu liðlega 15 ára.

Njarðvík ætlar ekki að áfrýja dómnum því það myndi tefja enn frekar að Kristinn geti spilað í græna búningnum. Hann gekk í raðir Njarðvíkur um áramótin eftir að hafa leikið með Marist-háskólanum undanfarnin ár.

Í yfirlýsingunni segir að það setji stórt strík í reikning körfuknattleiksdeildarinnar að þurfa að greiða uppeldisbæturnar. Stjórnin reynir nú að finna fjármagn til að gera upp við ítalska sambandið. – **ips**

Volkswagen Transporter

BYGGIR Á TRAUSTUM GRUNNI



Transporter hefur fylgt kynslóðum af fólki sem hefur þurft á traustum og áreiðanlegum vinnubjarki að halda sem leysir krefjandi og fjölbreytt verkefni. Hann er með fullkominni stöðugleikastýringu og spólvörn og sjö þrepa sjálfstjórnun.

FÁANLEGUR MEÐ
4Motion
FJÓRHJÓLADRIFI

Volkswagen Transporter kostar frá

4.180.000 kr.

(3.344.000 kr. án vsk)

Til afhendingar strax!



Atvinnubílar

Við látum framtíðina rætast.

www.volkswagen.is



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · hekla.is · umboðsmenn um land allt:
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanessbæ

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 7. febrúar 2018

4. tölublað | 12. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL



36 manns dæmdir í samtals 96 ára fangelsi

36 manns hafa verið dæmdir í samanlagt 96 ára fangelsisvist í sakamálum sem tengjast efnahags-
hruninu fyrir áratug. Þyngstu dómarnir féllu
í málum sem beindust að störfum Kaupþings.
Rannsókn allra hrunmála er loks lokið. » 6-7



»2 Vill nýta verðbréfasjóði VR til íbúðakaupa

Forsvarsmenn VR hyggjast nýta digra sjóði stéttarfélagans til að koma á fót leigufélagi sem myndi leigja íbúðir á 15 til 30 prósent lægra verði en gengur og gerist á almennum leigumarkaði.

»2 Áforma kaup á tæplega tíu prósent í Arion

Tölf lífeyrissjóðir samþykktu að fara í viðræður um kaup í Arion banka. Lýstu yfir áhuga á að kaupa tæplega tíu prósent. Einnig viðræður við tryggingafélög og verðbréfasjóði.

»4 Verðfallið vestanhafs smitast hingað til lands

Óróleiki á alþjóðlegum hlutabréfamörkuðum smitast hingað til lands. Úrvalsvísitala Kauphallarinnar lækkaði um 1,15 prósent í gær. Líkur taldar á að innlendir fjárfestar hafi innleyst hagnað eftir sterkan janúar á hlutabréfamarkaði.

SJÓNMAELINGAR ERU OKKAR FAG

Tímarpantanir:

Optical Studio í Leifsstöð, 4250500
Optical Studio í Smáralind, 5288500
Optical Studio í Keflavík, 4213811

Optical Studio
SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK



KEFLAVÍKUR
FLUGVÖLLUR

36%

starfsfólks á aldrinum
18-34 ára segist ætla
að finna sér nýtt starf
á næstu 12 mánuðum.

Hvernig er staðan á þínum vinnustað?



-35%

RÝMINGARSALA Á VÖLDUM LITUM ÚR PRIMA VÖRULÍNUNNI



35% afsláttur af öllu Prima Hlyn, Beyki, Grárri eik, Kirsuberja og kaffibrúnum. Tilboð gildir ekki af rafmagnsborðum.



VERÐDÆMI

Há möppuhilla með rennihurðum
Lág möppuhilla með rennihurðum
Millihá möppuhilla með skúffum
Há möppuhilla
Lág möppuhilla
Skrifborð 120x80
Skrifborð 150x80

Litur	Verð áður	Verð nú
Hlynur	58.500	37.900
Hlynur	40.900	25.900
Hlynur	45.500	28.900
Beiki	49.500	31.900
Beiki	29.800	18.900
Hlynur	34.200	21.900
Beiki	36.800	23.900

MYNDFORM GRAFIK



Þið finnið okkur á Facebook

Hirzlan

Síðumúla 37,
108 Reykjavík
Sími: 564-5040
hirzlan@hirzlan.is
hirzlan.is

ÓLÖF

MIDVIKUDAGUR 7. FEBRÚAR 2018

Heimili



Glerlistakona Nadine Cecile Martin hannar fallegar vörur úr glerperlum. ➔4

OptiBac
probiotics

Góð melting styrkir ónæmiskerfið
Stjórnaðu bakteríuflórunni með OptiBac

Fæst í apótekum og heilsubúðum



Ólöf Breiðfjörð og Gunnar Guðbjörnsson ánægð í nýja eldhúsinu sínu. MYND/EYÞÓR

Draumurinn um nýtt eldhús rættist

Ólöf Breiðfjörð og Gunnar Guðbjörnsson eru nýbúin að færa eldhúsið og búa til nýtt svefnherbergi. Þau ráðleggja fólki í svipuðum hugleiðingum að skipuleggja sig vel og þraka svo því framkvæmdum ljúki á endanum. ➔2



Kaffibollarnir eru innan seilingar frá kaffivélinni sem er mikið notuð. Málverkið er eftir elsta soninn, Ívar Glóa, sem hann málaði átta ára og hefur prýtt eldhús fjölskyldunnar alla tíð síðan.



Margir tekatlar eru til á heimilinu en á kvöldin þamba flestir jurttate yfir sjónvarpsglápi, lærdómi og handavinnu.

Framhald af forsiðu ➔

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@365.is



Eldhúsið gamla sem við lifðum með í 14 ár var sérkennilega blátt að lit og við vorum mjög lengi búin að láta okkur dreyma um nýtt eldhús,“ segir Ólöf og bætir við að fjölskyldan eyði miklum tíma í eldhúsinu. „Ég er sú eina sem baka, aðrir pikkla grænmeti og pressa tófú, svo eru sumir sem leggja kjöt í kryddlög og einn sem aðallega steikir egg. Svo eru gjarnan tvær tölur á borðinu þannig að rýmið er mikið notað. Gunnari hefur alltaf þótt afslappandi að elda og við hin græðum á því.“

Gunnar segir þá stöðu hafa komið upp að þau vildu veita elsta syni sínum og kærustunni hans færi á að búa lengur heima til að safna sér fyrir íbúð. „Til að gera þeim mögulegt að hafa stærra rými fengu þau því stóra svefnherbergið okkar og við gerðum lítið svefnherbergi í rými sem áður var eldhúsið.“ Framkvæmdirnar voru viðamiklar, eldhúsið var rífið út, hurðargati úr eldhúsi í borðstofu lokað, og veggur rifinn. Enn fremur þurfti að brjóta fyrir pípuhlöngum og rafmagni sem var mesta málið og svo auðvitað leggja gólfefni, setja upp innréttingu og laga vegg.

„Frá því að við hófumst handa og þar til eldhúsið var starfhæft og við flutt í nýtt svefnherbergi liðu þrjár vikur,“ segir Gunnar. „Við búum 6 á heimilinu þannig að við urðum bara að spýta í lófana. Það bjargaði

okkur að foreldrar Ólafar búa í húsinu og þar fengum við að borða og gista eftir þörfum.“


Gunnar dreymdi um gaseldavél með 6 hellum og tveimur ofnum en Ólöf segist hafa leitað á náðir Pinterest áður en ferlið hófst og sankað að sér hugmyndum. „Ég sá alltaf fyrir mér línoleum-gólfefni í tveimur litum,“ segir hún og bætir við: „Innréttingin sjálf átti fyrst og fremst að vera þægileg og passa vel inn í stíl íbúðarinnar og heimilisins. Við ákváðum að hafa efri skápana öðrum megin en hinum megin opnar hillur. Mörgum fannst skrytið að ég vildi ekki hafa eyju eins og flestir eru með en þegar margir ganga um vill ýmislegt lenda á gólfinu nema „landleiðin“ sé farin.“

Ólöf og Gunnar eru mjög ánægð með breytingarnar. „Eftir 14 ár í gluggalausri borðstofu er yndislegt að horfa út um stóran glugga og það gefur allri íbúðinni meiri birtu. Svo er auðvitað gott að vera loksins með eldhúsinnréttingu sem við völdum sjálf og er eftir okkar smekk. Nýja eldhúsinu fylgir svo nýtt svefnherbergi sem er yndislegt og nú fer mjög vel um okkur sex í 125 fermetrum.“


Þau ráðleggja þeim sem eru í svipuðum hugleiðingum að skipuleggja sig vel og vandlega láta svo bara slag standa. „Ég held að það sé gott að gera ráð fyrir að ekki fari allt að óskum og hafa allar áætlanir rúmlegar, bæði hvað varðar tíma og fjárhag. Við hugsuðum á hverjum degi að bráðum yrði þetta búíð og við yrðum bara að þrúka og núna er þetta allt þess virði.“



Opnu hillurnar gefa eldhúsinu bjart og opið yfirbragð og gaseldavélin góða gefur fögur fyrirheit. Tvílitu dúkurinn kemur einkar vel út í samhenginu.



Gunnar að störfum í gamla eldhúsinu en eins og sjá má er breytingin töluverð.



Stórfelldar breytingar taka á og á tímabili var svona umhorfs í eldhúsinu. MYND ÚR EINKAEIGU

Í SKUGGA SVEINS
í Gaflaraleikhúsinu
Rammíslenskur gamansöngleikur
eftir Karl Ágúst Úlfsson

„Sýningin er dillandi skenmtileg bæði fyrir börn og fulloröna“
S.A TMM

Midi.is

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í forni viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundin ritstjórnar-efni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 512 5338

Sölu menn: Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 | Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 512 5439

NÝ NÁMSKEIÐ

ENGIN BINDING

BIKINI
BODY BLAST

360
TOTAL BODY

FITNESS
BOX

BETRA FORM

HOT FIT
BARRE

BETRA LÍF

INFRARED
FUSION
PILATES

UNGLINGA-
HREYSTI

INFRARED
HOT POWER
TONING

STRONG
IS THE NEW
SKINNY

GRUNNNÁMSKEIÐ
CROSSFIT
KATLA

STRONG
BODY BURN

NÝ NÁMSKEIÐ HEFJAST Í FEBRÚAR

Tryggðu þér þitt pláss strax í dag.

Sjö stöðvar · Þrjár sundlaugar · reebokfitness.is

CrossFit
KATLA

Reebok
FITNESS



Meðal verka Nadine Cecile Martin eru fallegar hálsfestar og ýmis skemmtileg búsaðhöld á borð við smjör- og ostahnífa, alls konar skeiðar, ausur og fleiri vörur.

Fannst glerið alltaf vera töfrandi

Undanfarinn áratug hefur glerlistakona Nadine Cecile Martin hannað og selt fallegar vörur úr glerperlum.

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is



Glerlistakona Nadine Cecile Martin hefur verið búsett hér á landi í 24 ár. Hún er menntaður tannsmiður en hefur undanfarin tíu ár einbeitt sér að glerlist sinni undir merkinu Nadine Glerperlur. „Ég hef búið til mikið af skartgripum úr perlunum mínum og þar standa klárlega hæst hálsmenin. Það er gaman að búa

þau til af því að það eru engin tvö eins. Þau eru líka frekar tímalaus í stíl sem er eins gott því að gler heldur lit og áferð betur en flest önnur efni.

Einnig hef ég gert mikið af búsaðhöldum eins og smjör- og ostahnífum, alls konar skeiðum, ausum og fleiri vörum sem er gaman að nota daglega í hvaða eldhúsi sem er.“

Nadine er frönsk og segist hafa flutt til Íslands á sínum tíma því hún hafi elskað manninn sinn svo mikið. „Þá var hann eina perlan mín og seinna urðu því til fyrstu þrjár perlurnar okkar, sem sagt strákarnir okkar þrír.“

Síbreytilegir litir

Það eru til mjög margar tegundir og litir af gleri og hver hefur sinn karakter, segir Nadine. „Litirnir breytast í meðhöndluninni þannig að það er ekki endilega hægt að taka rauða stöng og búa til rauða perlu, það þarf eiginlega að stjórna rauða litnum. Glerið er mjög misjafnt og bregst misjafnlega við hita og blöndum með öðrum litum.

„Það kallaði á mikla æfingu og þolinmæði því það þarf að læra að þekkja og temja glerið og hitann.“

Nadine Cecile Martin

Það er þessi fjöldi áhrifaþátta til að spila með sem gerir þess hönnun spennandi.“

Hún segir fyrra starf sitt sem tannsmiður hafa verið góðan grunn fyrir finvinnu og auga fyrir smáatriðum. „Mér fannst gler alltaf vera töfrandi efni og einn daginn fyrir tíu árum byrjaði ég. Fyrst kom ég mér upp aðstöðu og hráefni og byrjaði svo að fást við glerið. Það kallaði á mikla æfingu og þolinmæði því það þarf að læra að þekkja og temja glerið og hitann.“



„Það eru gjör-samlega endalausir möguleikar í tækni, samsetningu, litum, formi og áferð. Síðasta og besta perlan verður aldrei til.“

MYND/ANTON BRINK

Stöðug sköpun

Því þarf mikla æfingu og tækni áður en fyrsta perlan er hönnuð, segir hún. „En þá er líka gaman að vinna með öll þessi smáatriði og liti. Þetta togar í mig, ég er ekki fyrr búin að smíða perlu og staðin upp fyrr en sú næsta verður til í kollinum á mér og kallar á að ég setjist við brennarann og geri hana að veruleika. Það eru gjör-samlega

endalausir möguleikar í tækni, samsetningu, litum, formi og áferð. Síðasta og besta perlan verður aldrei til.“

Vörur Nadine má kynna sér á nadine.is og á Facebook (nadine-glerperlur). Einnig má nálgast þær í versluninni Skúmaskoti á Skólavörðustíg 21a í Reykjavík.

FERMINGARBLAÐIÐ

Veglegt sérblað Fréttablaðsins um fermingar kemur út 27. febrúar nk. Allt sem viðkemur fermingunni og miklu miklu meira.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Upplýsingar hjá auglýsingadeild Fréttablaðsins í síma 512 5402 eða sendu okkur póst á netfangið serblod@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Byggingar- iðnaðurinn

Kynningar:
P.G. verktakar
Vigas
Húsmiðjan
PGV Framtíðarform
IKEA

MIDVIKUDAGUR 7. FEBRÚAR 2018



„PG Verk er tuttugu ára gamalt fyrirtæki og hefur verið rekið á sömu kennitölu allan þann tíma. Við höfum byggt fjölda íbúða á höfuðborgarsvæðinu,“ segir Örn Tryggvi Johnsen. MYND/ANTON BRINK

Áratuga reynsla og þekking


„PG Verk býr yfir tuttugu ára reynslu af byggingu íbúða fyrir almennan íbúðamarkað og hefur einnig þróað og byggt fjölbreytt atvinnuhúsnæði,“ segir Örn Tryggvi Johnsen rekstrarstjóri félagsins.



ÞG Verk hefur á síðustu árum byggt hundruð íbúða fyrir almennan íbúðamarkað og er einn stærsti byggingaraðili íbúðarhúsnæðis á landinu. MYNDIR/ANTON BRINK



ÞG Verk er í samstarfi við íslenskar arkitektastofur en lögd er áhersla á smekklega og hagkvæma hönnun.



ÞG Verk er í startholunum með að hefja uppbyggingu í Vogahverfi en það er ekki aðeins frábær staðsetning heldur er útsýnið þaðan ægífgurt.

Framhald af forsiðu →

ÞG Verk hefur á síðustu árum byggt hundruð íbúða fyrir almennan íbúðamarkað og er einn stærsti byggingaraðili íbúðarhúsnæðis á landinu. „Okkar meginstarfsemi er að byggja íbúðarhúsnæði og einnig atvinnuhúsnæði til sölu eða leigu. Við erum með um 170 manns á launaskrá og á hverjum tíma milli þrjú og fjögur hundruð starfsmenn undirverkta sem starfa við okkar verkefni. Árlega skilum við af okkur 250-300 fullbúnum, nýjum íbúðum til ánægðra viðskiptavina. Þar fyrir utan erum við virkir á útboðsmarkaði og erum yfirleitt með eitt til þrjú stór útboðsverk samhliða öðrum verkefnum,“ segir Örn Tryggvi Johnsen, rekstrarstjóri ÞG Verks.

Fullbúnar íbúðir

„ÞG Verk er tuttugu ára gamalt fyrirtæki og hefur verið rekið á sömu kennitölu allan þann tíma. Við höfum byggt gríðarlega margar íbúðir gegnum tíðina á höfuðborgarsvæðinu. Áhersla okkar hefur verið lögd á að byggja hagkvæmar íbúðir sem henta hinum almenna kaupanda, þar sem kaupandinn fær mikil gæði fyrir peninginn. Okkur er umhugað um að framleiða vandað húsnæði, hvort sem um er að ræða frágang innan- eða utanhúss. Við höfum t.d. lagt á það áherslu að einangra og klæða okkar byggingar að utan sem við teljum vera bestu og varanlegustu lausnina fyrir íslenskar aðstæður. Við skilum okkar íbúðum fullbúnum með öllum gólfefnum, innréttingum og tækjum sem hefur mælst afar vel fyrir meðal okkar kaupanda og við teljum okkur hafa verið ákveðna forgöngumenn í að bjóða slíkar íbúðir til sölu. Við leggjum okkur fram um að hafa íbúðirnar smekklegar og vel hannaðar,“ segir Örn Tryggvi.

„Okkur hjá ÞG Verki er hugleikið að íbúðakaup eru oft stærsta fjárfesting fólks á lífsleiðinni. Því teljum við mikilvægt að fólk kynni sér vel hver byggði íbúðina sem það ætlar að kaupa. Við höfum frá upphafi lagt áherslu á að standa með okkar verkefnum og eignum, enda lyklatríði að fólk geti treyst okkur.“

Öll hönnun er í höndum íslenskra arkitekta. „Við erum í samstarfi við allnokkrar arkitektastofur og höfum einnig unnið mikið með Birni Ólafs arkitekt sem er búsettur í París og er vel kunnur fyrir störf sín,“ segir Örn Tryggvi.

Gæðamál – kynntu þér byggingaraðilann

„Okkur hjá ÞG Verki er hugleikið að íbúðakaup eru oft stærsta fjárfesting fólks á lífsleiðinni. Því teljum við mjög mikilvægt að fólk kynni sér vel hver byggði íbúðina sem það ætlar að kaupa. Við höfum frá upphafi lagt áherslu á að standa með okkar verkefnum og eignum, enda lyklatríði að fólk geti treyst okkur. Áreiðanleiki, gæði og notagildi eru okkar einkunnarorð og fyrirtækið kappkostar að eiga gott samstarf við viðskiptavinum sína,“ segir Örn Tryggvi.

Afhenda 363 íbúðir 2018

Á þessu ári mun ÞG Verk ljúka bygg-



ingu alls 363 íbúða sem verða þá tilbúnar til afhendingar til væntanlegra kaupenda. „Við munum afhenda 103 íbúðir í Bryggjuhverfinu í Reykjavík, 56 íbúðir á Selfossi, 52 íbúðir í Urriðaholti í Garðabæ, 76 íbúðir á Hafnartorgi í miðbæ Reykjavíkur og 76 íbúðir til aldraðra í Mörkinni. Þessar íbúðir eru frá 40 m² að stærð og upp í 260 m² svo um er að ræða breitt úrval af húsnæði,“ greinir Örn Tryggvi frá en ÞG Verk býður markvisst upp á minni íbúðir þar sem hagkvæmnin er í fyrirrúmi og hver fermetri vel nýttur.

„Á Selfossi er ÞG Verk t.d. með vandað og hagkvæmt húsnæði í byggingu. Badherbergin eru forframléidd, sem er nýjung. Þau eru framléidd erlendis og sett inn í íbúðirnar í heilu lagi. Þetta er jafnframt fyrsta verkefnið þar sem við bjóðum upp á rafhleðslulausnir fyrir rafmagnsbíla á lóðinni sjálfri

til að auðvelda íbúum að reka slíka bíla,“ segir hann.

Vogabyggð í startholunum

Þá hefst senn bygging 88 íbúða í Urriðaholti og 370 íbúða í Vogabyggð, sem er eitt stærsta verkefni ÞG Verks til þessa. „Við erum einnig að byggja íbúðir fyrir eigendur IKEA í Urriðaholti en það er skemmtileg áskorun að taka þátt í að byggja fyrsta svansvottada fjölbýlishúsið á Íslandi. Svo er stutt þar til framkvæmdir í Vogabyggð byrja en þar er verið að þróa iðnaðarhverfi yfir í íbúðahverfi. Þetta er frábær staður með stórbrotnu útsýni yfir Grafarvoginn og Esjuna og veðursældin er mikil,“ segir Örn Tryggvi.

Atvinnuhúsnæði tilbúið á árinu

Á árinu mun ÞG Verk einnig ljúka við byggingu glæsilegs atvinnu-

húsnæðis. Um er að ræða 9.000 m² verslunarhúsnæði við Hafnartorg og 7.600 m² skrifstofuhúsnæði, auk fyrsta áfanga að 10.000 m² húsnæði við Dalveg í Kópavogi. Segir Örn Tryggvi það liggja frábærlega við öllum flutningsleiðum á höfuðborgarsvæðinu og henta því mjög vel fyrirtækjum sem eru með einhvers konar dreifingu á vörum.

Virkir á útboðsmarkaðnum

„Við hjá ÞG Verki erum einnig virkir þátttakendur á útboðsmarkaðnum og erum í raun afkastamiklir á þeim markaði, þrátt fyrir umsvif í eigin verkefnum. Við erum t.d. með verkefni fyrir íbúðir aldraðra í Mörkinni, alls um 76 íbúðir og sjáum um frágang á verslunarhúsnæði fyrir Regin á Hafnartorgi. Það er margt í pípunum og við sjáum fram á spennandi ár á byggingarmarkaðnum,“ segir Örn Tryggvi að lokum.



VIGAS leggur áherslu á fagmennsku og að nýta góða reynslu starfsmanna sinna. MYNDIR/ANTON BRINK



VIGAS var stofnað á síðasta ári þegar aðilar úr bygginga-geiranum hér heima og í Litháen sameinuðu krafta sína.



VIGAS nýtir góða reynslu og skilar vandaðri vinnu.



Fagmenn VIGAS geta sinnt fjölbreyttum verkefnum.

Útvega rétta starfskraftinn

Starfsmannþjónustan VIGAS ehf. hefur á sínum snærum fjölda öflugra iðnaðarmanna sem geta sinnt hvers kyns byggingarvinnu og frágangi í tengslum við hana. Starfsmenn fyrirtækisins eru með mikla reynslu sem þeir nýta til að sinna verkefnum sínum af mikilli fagmennsku.

VIGAS ehf. er tiltölulega nýtt fyrirtæki sem sér um að útvega starfsmenn til fyrirtækja sem sinna alls kyns byggingarvinnu og frágangi sem tengist henni. Fyrirtækið leggur áherslu á fagmennsku og að nýta góða reynslu sem starfsmenn þess búa yfir. Fyrirtækið gerir samninga við viðskiptavinina sína fyrir umsamda þóknun og sér svo um að útvega rétta starfsmanninn og sjá um alla umsýslu er honum tengist, svo sem að greiða laun og launatengd gjöld, tryggingar, útvegum húsnæðis og önnur atriði er slíku fylgja.

„VIGAS ehf. er traust fyrirtæki sem útvega faglega starfsmenn til byggingarstarfa sem og annarra verkefna,“ segir Guðmundur Arnarsson, markaðsstjóri fyrirtækisins. „Starfsmenn okkar hafa mikla reynslu í endurnýjunum á íbúðarhúsnæði, atvinnuhúsnæði, opinberum byggingum og smíða bæði sumarhúsnæði og önnur tréhus. Svo höfum við líka séð um lokafrágang á alls konar verkum, bæði innan- og utanhúss. Ef þörf er á getum við einnig tekið að okkur heilu verkefnum frá A til Ö ef óskað er eftir því.“

Við erum með úrvals starfsfólk sem býr margt yfir áratugareynslu í sínu fagi,“ segir Guðmundur. „Við höfum smíði, aðstoðarmenn, málara, málara og fleiri sérfræðinga á okkar snærum sem hægt er að fá til starfa í skemmri eða lengri tíma.“

Starfsmenn okkar nýta reynslu sína til að skila þeirri vinnu sem viðskiptavinir fara fram á í bestu mögulegu gæðum og innan settra tímamarka.

Viðtæk reynsla og háir staðlar

„Fyrirtækið var stofnað á síðasta ári. Það voru aðilar úr bygginga-geiranum hér heima sem ákváðu í samstarfi við samstarfsaðila sína í Litháen til margra ára að sameina krafta sína,“ segir Guðmundur. „Þeir höfðu starfað saman lengi með góðum árangri. Þetta eru aðilar með viðtæka reynslu í byggingariðnaði bæði hér heima og erlendis og af því að útvega öflugt starfsfólk hingað til lands. Þessir aðilar sáu sér leik á borði með því að sameina krafta sína til að útvega fleiri fyrirtækjum á Íslandi það öflugt starfsfólk sem starfsmannþjónustan hefur á snærum sínum.“

Reynslan nýtist viðskiptavinum

„Starfsmenn okkar nýta reynslu sína til að skila þeirri vinnu sem viðskiptavinir fara fram á í bestu mögulegu gæðum og innan settra tímamarka,“ segir Guðmundur.



„Við beitum líka bestu mögulegu byggingaraðferðum og nýtum nýjustu tækni til að fullnægja sérþörfum viðskiptavina okkar og standast allar gerðar kröfur. Við höfum starfsfólk sem býr yfir sérfræðipækkingu á ýmsum sviðum og hefur unnið sér inn traust verktaka og samstarfsaðila.“

Fagmennska og ábyrgð

„Starfsmenn okkar geta sinnt alls

kyns lokafrágangi, bæði innan- og utanhúss, í alls kyns húsnæði,“ segir Guðmundur. „Þeir sinna glerjun, málningarvinnu, múr- vinnu, uppsetningu á gifsplötum á loft og vegg og leggja hvers kyns gólfefni, ásamt mörgu öðru.“

Við sinnum viðgerðum og endurbótum á öllum gerðum af húsnæði,“ segir Guðmundur. „Það er ekkert sem við sinnum ekki af natni og fenginni góðri reynslu. Öll

smáatriði eru á hreinu hjá okkur.

Við sinnum mjög fjölbreyttum verkefnum, svo það er bara um að gera að hafa samband við okkur ef fólk vantar aðstoð með byggingarframkvæmdir. Það er næstum ekkert sem við getum ekki sinnt,“ segir Guðmundur og bendir á að hægt sé að hafa samband í síma 419-5555 eða á netfangið vigas@vigas.is sé áhugi fyrir að fá öflugt fólk til starfa.

VIGAS sér um að útvega starfsmenn til fyrirtækja sem sinna alls kyns byggingarvinnu og frágangi sem tengist henni. Fyrirtækið leggur áherslu á fagmennsku og að nýta góða reynslu sem starfsmenn þess búa yfir.

MYND/VIGAS

Lærdómsrík reynsla

Á síðustu 23 árum hefur Árni Eðvaldsson húsasmiðameistari starfað víða í Evrópu við ýmis ólík verkefni.

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Árni Eðvaldsson húsasmiðameistari hefur komið víða við á starfsferli sínum og unnið í nokkrum löndum, þar á meðal Þýskalandi, Danmörku, Grænlandi og Noregi auk Íslands þar sem hann hefur reyndar unnið

stærstan hluta starfsferilsins. Að hluta til má rekja verkefnið erlendis til stöðunnar á byggingarmarkaði hérlendis árin eftir hrun en þá sóttu margir kollegar hans í störf utan landsteinanna. En utan þess hefur hann tekið þátt í skemmtilegum verkefnum erlendis fyrir Ístak, þar sem hann vinnur í dag, og fyrir fyrri vinnustað sinn Ármannsfell.



Árni Eðvaldsson húsasmiðameistari hefur starfað víða á ferlinum. MYND/ANTON BRINK



HÚSAVIÐGERÐIR.IS

MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR
ALHLIÐA MÚRVERK
ÞAKVIÐGERÐIR
GLUGGASKIPTI

HAFÐU SAMBAND

INFO@HUSAVIDGERDIR.IS

SÍMI 565-7070



IÐNAÐARHURÐIR
BÍLSKÚRSHURÐIR



- Íslensk framleiðsla, smíði og samsetning.
- Allar hurðir smíðaðar samkvæmt máli.
- Áratuga reynsla starfsmanna í hurðum.
- Hágæða hráefni.
- Polir íslenskt veðurfar.
- Sér meðhöndlaðar brautir gegn ryði og álagi.
- Stuttur afgreiðslutími.

IS HURÐIR

IS Hurðir | Sími 564 0013 | www.ishurdir.is | ishurdir@ishurdir.is

Byggðu ódýrt

Fyrsta verkefni Árna erlendis sneri að bygginu svokallaðra Permaform-húsa en þá starfaði hann hjá Ármannsfelli. „Á þessum árum var hart í ári á Íslandi, lítið fjárfest í nýju húsnæði og það vantaði ódýrt húsnæði, svipað og núna. Við höfum þá framleiðslu á þessum húsum sem voru steipt samkvæmt norskrri hönnun með plasthólkum. Síðan færðum við út kvíarnar og fórum að selja húsin í Þýskalandi. Þar var ég með annan fótinn í eitt og hálf ár. Þetta voru fin hús sem komu vel út hér heima enda ódýr. Þjóðverjar voru aftur á móti ekki eins hrifnir og virtust frekar kjósa gömlu múrsteinahúsin. Eftir dvölinu í Þýskalandi héldum við áfram að byggja þessi hús á Íslandi, m.a. í Grafarvogi, Kópavogi og Mosfellsbæ og eru þau enn eftir-sótt í dag.“

Næg verkefni í Noregi

Árin eftir hrun voru erfið fyrir byggingariðnaðinn og lítið um verkefni. Árni hóf þá störf í Noregi fyrir Ístak, fyrst í Bergen og svo í Norður-Noregi. „Í Bergen vorum við með brúarverkefni, jarðgöng og einhverja vegagerð ásamt fleiri verkefnum. Þaðan hélt ég til Norður-Noregs, til bæjanna Alta og Hammerfest, og vann að svipuðum verkefnum. Ástandið heima lagaðist til muna þegar vinstri stjórnin fór frá og íslenskir iðn-

Fyrirtækið setti ný viðmið í öryggismálum hér á landi og lærðum við mikið af vinnubrögðum þeirra.

aðarmenn fóru smátt og smátt að snúa til baka. Sjálfur var ég þarna úti með annan fótinn í um tvö ár en ég hafði þó alltaf næg verkefni heima á Íslandi. Margir í kringum mig voru þá í Noregi í um 6-7 ár.“

Ánægðir með verkið

Þrátt fyrir betri verkefnastöðu heima á Íslandi var Árni ekki alkominn heim. Um tíma starfaði hann einnig í Danmörku og lítilllega í Grænlandi. „Ég var verkstjóri yfir ellefu manna hópi sem byggði stóra fimm akreina brú í Kaupmannahöfn ásamt undirgöngum. Við þóttum standa okkur það vel að þeir vildu fá mun stærri hóp í næsta verkefni sem var stór framkvæmd við Ráðhústorgið í Kaupmannahöfn. Þar voru rúmlega 60 smiðir frá Íslandi sem sáu um að gera upp og stækka gamalt hús en verkefnið tók um eitt og hálf ár.“

Á Grænlandi kom hann hins vegar að virkjunarmannvirkjum, hafnargerð og ýmsu öðru. „Við hjá Ístaki vorum á þessum tíma að markaðssetja okkur sem n.k. norðurslóðaverktaka sem gátu unnið

við kaldar og erfiðar aðstæður sem önnur alþjóðleg verktakafyrirtæki voru síður hrifin af. Þannig komu þessi verkefni á Grænlandi og í Norður-Noregi og svo vorum við auðvitað stórir á Íslandi.“

Eins og erlent þorp

Þótt framkvæmdirnar við Kárahnjúka hafi verið á Íslandi komu fjölmargir útflendingar að verkefnum og var samfélagið þar eins og fjölbýðlegt þorp. „Dvölin þar var sérstök upplifun og fróðlegt að kynnast stóru erlendu verktakafyrirtæki sem hafði mikið unnið í þriðja heims ríkjum. Mig grunar að umhverfið hér hafi verið allt annað en þeir áttu von á. Verkefnið var erfitt, stíflugerð í 6-700 metra hæð en við klárðum það með sóma. En það var ekki síður athyglisvert að kynnast bandaríska fyrirtækinu Bechtel sem reisti álverið síðar á Reyðarfirði. Fyrirtækið setti ný viðmið í öryggismálum hér á landi og lærðum við mikið af vinnubrögðum þeirra.“

Í dag vinnur Árni enn hjá Ístaki og verkefnið eru næg um þessar mundir. „Við klárðum nýlega Búðarhálsvirkjun og höfum næst byggingu fjölbýlishúss í Skuggahverfinu í Reykjavík. Mikill tími minn fer þó í nýjan skóla fyrir fötlud börn sem er verið að byggja í Öskjuhlíð um þessar mundir og svo eru alltaf ýmis önnur verkefni í gangi.“

Ný verslun sannkölluð „dótabúð“ fagmannsins!

Húsasmiðjan opnaði nýja Fagmannaverslun og timbursölu í Kjalarvogi á síðasta ári og nú geta fagmenn og fyrirtæki einnig verslað í reikning á sínum kjörum í vefverslun Húsasmiðjunnar.

Húsasmiðjan er rótgróð fyrirtæki en hún var stofnuð árið 1956. Fyrst í stað voru helstu viðfangsefni fyrirtækisins framleiðsla einingahúsa og timbuvinnsla en fljótlega hóf Húsasmiðjan einnig að flytja inn og selja timbur. Allar götur síðan hefur Húsasmiðjan þjónustað byggingariðnaðinn og fólk í framkvæmdum og hefur verið leiðandi í sölu í fjölda vöruflokka til byggingariðnaðarins.

Árið 2017 var þjónusta við byggingariðnaðinn aukin til muna en síðastliðið sumar var Fagmannaverslun Húsasmiðjunnar opnuð í Kjalarvogi ásamt timbursölu sem er sérsniðin að þörfum fagmannsins og fólks í stærri framkvæmdum. Í Fagmannaverslun Húsasmiðjunnar eru solumenn og ráðgjafar fyrir timbur, glugga, útihurðir, málningu, múrvörur og allar helstu þungavörur sem byggingariðnaðurinn þarfnast. Þar fá fagmenn og fólk í framkvæmdum ráðgjöf sérfræðinga, tilboð í stærri verk og vöruúrval sem er sérsniðið að þörfum byggingariðnaðarins.

Fagmannaverslunin býður einnig upp á mikið úrval af verkfærum en mikið af nýjum og spennandi vörum er á boðstólum í þessari verslun.

„Í Fagmannaversluninni má líklega finna fjölbreyttasta úrval landsins af verkfærum á einum stað. Öll vinsælustu vörumerkin eru þar samankomin á einn stað t.d. Hitachi, Dewalt, Makita, Festool og Fein svo einhver séu nefnd. Þarna geta iðnaðarmenn skoðað ólík merki, gert samanburð á verði og gæðum vörunnar og tekið upplýsta ákvörðun með aðstoð söluráðgjafa. Þetta er því sannkölluð „dótabúð“ fagmannsins,“ segir Magnús Magnússon, markaðsstjóri Húsasmiðjunnar.

„Við leggjum einnig mikla áherslu á að þjónusta málara og pípara í Fagmannaversluninni. Hér finna málara gæðamálninguna frá Jotun sem við erum þekkt fyrir og auðvitað allt efni og verkfæri sem þeir þarfnast. Við erum svo með glæsilega lagnaðild fyrir pípara og sérfræðinga til aðstoðar svo hér finnur iðnaðarmaðurinn nánast allt fyrir verkíð undir einu þaki,“ bætir hann við og heldur áfram: „Ein nýjung sem hefur vakið mikla ánægju viðskiptavina okkar er að við bjóðum upp á ókeypis merkingar á vinnufatnaði. Iðnaðarmenn sem kaupa vinnufatnaðinn í Fagmannaversluninni geta fengið hann merktan sínu fyrirtæki. Við merkjum allt hér á staðnum svo þetta gengur hratt og örugglega fyrir sig.“


Vefverslun fyrir fagmenn og fyrirtæki

Í lok síðasta árs var opnaður nýr þjónustuvefur og vefverslun fyrir fagmenn og fyrirtæki. „Við höfum nú opnað fyrir reikningsviðskipti í vefverslun fyrir fyrirtæki, iðnaðarmenn og einstaklinga í stærri framkvæmdum.“


Magnús segir vefverslunina fara vel af stað og að nýr þjónustuvefur hafi vakið mikla athygli enda auðvelt að nálgast allar upplýsingar um viðskipti sín við Húsasmiðjuna á einum stað. Þar geta iðnaðarmenn og fyrirtæki nálgast allar upplýsingar, úttektaraðila, reikningsyfirlit og margt fleira sem nýtist þeim í sínum rekstri.




Magnús Magnússon markaðsstjóri segir að vefverslun Húsasmiðjunnar fari vel af stað. MYND/ANTON BRINK



Í Fagmannaversluninni má skoða ólík vörumerki, gera samanburð á verði og gæðum og taka upplýsta ákvörðun með aðstoð söluráðgjafa. MYND/SPESSI



Fagmenn og fyrirtæki nýta sér í auknum mæli þá þjónustu að versla á sínum afsláttarkjörum í vefverslun Húsasmiðjunnar. MYND/ANTON BRINK



Sérfræðingar Húsasmiðjunnar í gluggum og útihurðum taka vel á móti viðskiptavinum í Fagmannaversluninni. MYND/SPESSI

Mesta byltingin í vefversluninni er hins vegar sú að nú geta fyrirtæki og iðnaðarmenn verslað á sínum kjörum í reikning. „Fagmenn og fyrirtæki eru í auknum mæli að nýta sér þá þjónustu að versla á sínum afsláttarkjörum í vefverslun því nú hefur verið opnað fyrir reikningsviðskipti og viðskiptavinur sækir eða fær vöruna senda. Í þessu felst talverður tímasparnaður og þægindi. Þó ekki sé enn hægt að kaupa timbur og þungavörur í vefverslun verður það hægt von bráðar og vonum við að iðnaðarmenn, verktakafyrirtæki og auðvitað einstaklingar geti þá nýtt sér þessa þjónustu til fulls,“ segir Magnús.

„Við hvetjum alla iðnaðarmenn til að kynna sér vel vefverslun Húsasmiðjunnar á husa.is, þar sem við bætum nokkur hundruð vörum í hverri viku við vöruúrvalið. Nú þegar eru á milli 15-20 þúsund vörur fánlegar í vefverslun á hverjum tíma sem þó er innan við helmingur af vöruúrvali fyrirtækisins. Ekki

verður langt í að nánast allur vörukostur Húsasmiðjunnar verði fánlegur í vefverslun og verður hún þá ein langstærsta vefverslun landsins og þó víðar væri leitað,“ segir Magnús.

Vefverslun Húsasmiðjunnar, husa.is, hefur fengið frábærar viðtökur og meðal annars verið tilnefnd vefverslun ársins tvö ár í röð árið 2016 og 2017 af Samtökum vefiðnaðarins sem eru fagsamtök þeirra er starfa að vefmálum á Íslandi.

„Vefverslun Húsasmiðjunnar hefur notið mikilla vinsælda hjá hinum almenna viðskiptavini en byggingariðnaðurinn hefur ekki verið að nýta sér þessa þjónustu nægilega mikið hingað til. Við sjáum hins vegar teikna á lofti og viðskipti iðnaðarmanna og verktakafyrirtækja fara vaxandi í vefverslun og mun verða stór þáttur í að auka þjónustu okkar enn frekar við byggingariðnaðinn á komandi misserum,“ segir Magnús að lokum.

Arkitektúr er meira en byggingin sjálf

Listaháskóli Íslands hefur frá árinu 2005 útskrifað 164 nemendur með BA í arkitektúr. Massimo Santanicchia, fagstjóri við skólann, segir arkitektúr ekki bara snúast um byggingar. Áskoranir arkitekta á Íslandi séu til dæmis vindasamt veðurfar og myrkur.

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@365.is



Arkitektúr snýst um að skilja tengslin milli fólks og bygginga og milli bygginga og umhverfis þeirra. Arkitektúr er meira en bara byggingin sjálf, hann snýst um hönnun á okkar daglega lífi. Listaháskólinn er lítil stofnun




Massimo Santanicchia, dósent og fagstjóri arkitektúrdeildar Listaháskóla Íslands.

Viltu lækka vaxtakostnað vegna atvinnuhúsnæðis?

SEGL Fyrirtækjaráðgjöf býður fyrirtækjum ráðgjöf á sviði lánsfjármögnunar atvinnuhúsnæðis

Dæmi um nýlegan ávinning fyrirtækja



31% ↓

Pekkt iðnaðarfyrirtæki lækkaði væntan vaxtakostnað sinn um 31% með því að skipta út 6% breytilegum verðtryggðum vöxtum hjá viðskiptabanka sínum fyrir 4,15% fasta verðtryggða vexti hjá fjárfesti.



33% ↓

Fasteignafélag í endurskipulagningu lækkaði væntan vaxtakostnað sinn um 33% með sambærilegum hætti.



28% ↓

Vaxandi félag á heilbrigðissviði lækkaði væntan vaxtakostnað sinn um 28% með sambærilegum hætti.

Fáðu nánari upplýsingar á www.segl.is eða með því að senda tölvupóst á info@segl.is

SEGL Fyrirtækjaráðgjöf ehf | Lyngás 11, 210 Garðabær (2. hæð)
Sími: 553 9810 & 663 9810 | info@segl.is



Massimo nefnir Alþingisgarðinn sem vel heppnað almenningsrými.

en býr að því að fjölbreyttur hópur fólks kennir við skólann sem deilir þessari sýn, þó að hvert okkar hafi eigið sérsvið og nálgist efnið og nemendur á ólíkan hátt," segir Massimo Santanicchia, dósent og fagstjóri arkitektúrdeildar Listaháskóla Íslands.

Spurður hvað einkenni íslenskan arkitektúr segir hann helstu áskoranir sem arkitektar mæti á Íslandi vindasamt veðurfar, takmörkuð birta yfir árið og að bæta almenningsrými og daglegt líf borgaranna.

„Hér fáum við vindinn í andlitinu meðan við annars staðar er reynt að hanna rými og umhverfi til að koma í veg fyrir það. Ég myndi því segja að það sem einkenni Ísland sé sá mikli munur á því að vera úti eða inni. Yfirleitt erum við annaðhvort í vernduðu rými innan dyra eða algjörlega óvarin úti og fáir staðir á Íslandi hafa verið hannaðir til að milda þessi umskipti. Hér eru til dæmis fáir húsgarðar, lítið um girðingar, gróður eða aðra hluti sem sérstaklega eru hannaðar til skjóls," segir Massimo.

Á hverjum stað þurfi ávallt að taka ákveðna þætti til greina í hönnun á umhverfi og engin ein heildarlausn dugi yfir allt.

„Þrátt fyrir að við lifum á tímum Netflix og ótal fleiri menningarlegra fyrirbæra sem fólk deilir sín á milli og á sameiginleg um allan heim þá er alltaf eitthvað einstakt við hvern stað. Þau séreinkenni eru dýrmæt og við ættum alltaf að vinna með þau. Það skilar sér margfalt ef sérstaða hvers staðar

Yfirleitt erum við annaðhvort í vernduðu rými innan dyra eða algjörlega óvarin úti og fáir staðir hafa verið hannaðir til að milda þessi umskipti.

er nýtt í stað þess að upphuga einhverja eina lausn sem hægt er að beita alls staðar. Á Íslandi tel ég til dæmis mikilvægt að arkitektar hugsi um vindinn og birtuna og einnig að áhrifin á hinn almenna borgara séu höfð í huga við hönnun mannvirkja, líka þegar hannað er fyrir einkaaðila. Arkitektúrinn mun lifa okkur og ætti því að endurspeglar félagsleg gildi og umhverfið. Það er mikilvægt að arkitektar í atvinnulífinu og skólaumhverfið vinni saman að því að takast á við áskoranir og leysa þær.

Bedinn um að nefna staði þar sem vel hafi tekist til nefnir Massimo garðinn Skrud í Dýrafirði, Alþingisgarðinn og Hólavallagarð, gamla kirkjugarðinn við Sudurgötu. „Á þessum stöðum finnst mér hugsað fyrir því að draga úr þessum mun milli inni og úti. Þá finnst mér afar fallett hvernig gömlu húsín í Hafnarfirði falla inn í klettana í landslaginu," segir hann. Höfuðstöðvar Rauða krossins við gatnamót Listabrautar og Háaleitisbrautar sé einnig dæmi um vel heppnaðan arkitektúr.

Stórsýningin

Verk og vit

2018

Íslenskur byggingariðnaður,
skipulagsmál og mannvirkjagerð

Laugardalshöll 8.–11. mars



STÆRSTA FAGSÝNING ÁRSINS

Stórsýningin Verk og vit verður haldin í fjórða sinn dagana 8.–11. mars. Sýningin er ætluð þeim sem koma að bygginga- og mannvirkjagerð á ýmsum stigum, s.s. sveitarfélögum, verktökum, iðnaðar- og þjónustufyrirtækjum, menntastofnunum, hönnuðum og ráðgjöfum.

Sýning • ráðstefna • viðburðir

Allt það nýjasta í íslenskum byggingariðnaði, skipulagsmálum og mannvirkjagerð.



OPNUNARTÍMI FAGAÐILAR ALMENNIR GESTIR

Fimmtud. 8. mars	kl. 17-21	
Föstud. 9. mars	kl. 11-19	
Laugard. 10. mars	kl. 11-17	kl. 11-17
Sunnud. 11. mars	kl. 12-17	kl. 12-17

Verð aðgöngumiða kr. 2.500 kr. 1.500

Aðgöngumiði fagaðila gildir alla sýningardagana

Nánari upplýsingar á
verkogvit@verkogvit.is
og í síma 514 1430

www.verkogvit.is

Framkvæmdaraðili: AP almannatengsl

Verk og vit • Laugavegi 182 • 105 Reykjavík • sími 514 1430 • www.verkogvit.is

SAMSTARFSADILAR



ATVINNUVEGA- OG
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ



BYKO



Breytingar í byggingariðnaði

Þrátt fyrir hraðar tækniframfarir í heiminum undanfarið ár hefur byggingariðnaður breyst lítið. En það eru að minnsta kosti þrjár nýlegar tækninýjungar sem gætu haft mikil áhrif á næstu árum.

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@365.is



Í grein sem birtist á vef Forbes í vikunni lýsir Nikhil Choudary, forstjóri Zenith Engineers, sem er byggingarfyrirtæki sem starfar í Kaliforníu í Bandaríkjunum, þremur nýjum tækniframförum sem hann telur að verði mjög áhrifamiklar á allra næstu árum. Choudary er með meistaraáráði í byggingarverkfræði frá Michigan State-háskóla, nokkurra ára reynslu af verktaðavinnu og fylgist vel með nýjungum í geiranum.

Choudary segir að tækni mótí allt í veröldinni, en að byggingariðnaður hafi ekki fengið að njóta mikils góðs af öllum þessum framförum. Hann segir að iðnaðurinn verði að tileinka sér nýja tækni til að auka sjálfvirkni og minnka þörfina fyrir vinnuafli. Choudary segir að á síðustu fimm árum hafi komið fram byltingarkennd ný tækni sem geti aukið skilvirkni verulega í byggingariðnaði og hún eigi eftir að hafa mikil áhrif á næstu árum.

Vélmenni til að auka afköst

Byggingariðnaður kostar sérlega mikið vinnuafli og þar sem bygg-

ingarsvæði eru opin og sibreytileg hefur reynst erfiðara að innleiða vélmenni þar en við færibönd í lokuðum verksmiðjum.

En sum störf í byggingargeiranum, eins og að leggja mörsteinna, snúast að miklu leyti um endurtekingar og kosta mikið vinnuafli. Þar geta vélmenni komið að gagni. Ekki til að koma í staðinn fyrir múrara, heldur til að auka afköst þeirra. Nýting vélmenna gæti lækkað kostnað og tryggt bæði gæði og nákvæmni.

Fyrirtækið Construction Robotics hannaði nýlega hálf-sjálfvirkt múrarávélmenni sem kallast SAM100 og er á almennum markaði. Vélmennið vinnur með múrara og getur margfaldað afköst hans.

Vélmenni sem geta unnið með okkur mannfólkinu gætu bætt vinnu- og umhverfið, fækkað slysum og flýtt fyrir framkvæmdum.

Myndataka með drónum

Choudary segir að góð greining á vinnusvæði sé nauðsynlegur grundvöllur byggingarframkvæmda. En sums staðar, sérstaklega í þróunarlöndum, er skortur á góðum gervihnattamyndum og meiri þörf fyrir vinnuafli til að safna upplýsingum um svæði.



Myndataka með drónum gæti sums staðar auðveldað undirbúningsvinnu fyrir byggingarframkvæmdir verulega.

Nýtt gæðaflot frá BM Vallá

Nú getur þú fengið flot í bestu gæðum hjá BM Vallá auk fyrsta flokks þjónustu við verkið.

Mikil afköst og hagkvæmur kostur í stórar og litlar framkvæmdir.



Hægt að fylla á flotsíló á meðan dæling fer fram og tryggir það góð afköst.



Fagmenn okkar
ráðleggja þér með val
á réttu efnunum.



Hafðu samband í síma 412 5040 eða á sala@bmvalla.is



Alls kyns stafræn tól geta auðveldað samstarf og upplýsingaflæði.



Vélmenni verða líklega nýtt í auknum mæli í byggingariðnaði á næstu árum. Samt ekki þetta ferliki. MYNDIR/NORDICPHOTOS/GETTY

Góð myndataka með dróna gæti því sparað mikinn tíma við mælingar og undirbúningsvinnu. Með dróna væri hægt að taka tví- og þrívíðar myndir og safna miklu magni af upplýsingum á skömmum tíma. Með því að nýta hnitakerfi dróna er líka hægt að ná mikilli, jafnvel fullkominni, nákvæmni í mælingum. Choudary spár því að á allra næstum árum aukist nákvæmni í myndatöku með drónum og hún verði notuð í auknum mæli í byggingariðnaði.

Stafræn verkfæri auðvelda samstarf

Choudary segir að stór hluti af byggingargeiranum noti enn þá skjalamöppur, Excel-skjöl, faxvélur

og síma til að skiptast á upplýsingum. En það eru ýmis stafræn verkfæri til staðar sem auðvelda samstarfsverkefni, sérstaklega þar sem margir ólíkar aðilar vinna saman að einu verkefni. Sum þeirra bjóða líka upp á að öll gögn sem tengjast sama verkefninu séu geymd á miðlægum grunni sem allir geta nálgast.

Choudary segir að það segi sig sjálft að byggingargeirinn verði að nýta byltinguna sem hefur orðið í stafrænni upplýsingamiðlun til að þróast áfram. Hann segir að iðnaðurinn sé að tileinka sér þessa tækni hratt og að þau fyrirtæki sem aðlagist ekki þessum breytingum hætti fljótt að vera samkeppnishæf.

Minna viðhald, meiri frítími

PGV Framtíðarform ehf. framleiðir einangrandi, viðhaldslitla og orkusparandi glugga og hurðir úr mjög vönduðum efnum. Fjárfesting í góðum gluggum og hurðum margborgar sig til lengri tíma.

Fyrirtækið var stofnað árið 2010 en að baki því standa fagmenn með áralanga reynslu. „Við framleiðum PCV-u glugga og hurðir úr smíðaeefni frá belgiska framleiðandanum Deceuninck. Um er að ræða 70 mm uPVC marghólfa prófil með galvaniseruðum stálkjarna en allir eru þeir glerjaðir að innan með 28 millimetra háeinangrandi gleri frá Íslandi í Kópavogi,“ segir Gísli Jóhann Sigurðsson, framkvæmdastjóri og húsasmíðameistari.

Gísli segir ekkert gluggaefni standast uPVC í endingu. „Það er auk þess gífurlega einangrandi og leiðir ekki kulda. Um leið er það orkusparandi og er hægt að lækka orkukostnaðinn umtalsvert með því að velja glugga frá okkur. Til dæmis velja yfir 80 prósent Þjóðverja og Englendinga PVC glugga og er vakningin hafin hér á landi enda er þetta frábært gluggaefni fyrir íslenskar aðstæður þar sem allra veðra er von.“

Að sögn Gísla hefur prófillinn verið í þróun og framleiðslu hjá Deceuninck frá árinu 1960 og því fyllilega sannað gildi sitt. „Það er hundrað prósent endurvinnanlegt. Það þarf ekki að fella eitt einasta tré til að framleiða PVC-u og engin þörf er á eitrefnum, lakki eða málningu til að viðhalda PVC-gluggum áratugum saman.“

Íslensk framleiðsla

Framleiðslan fer fram í verksmiðju fyrirtækisins að Seljabót 7 í Grindavík auk þess sem söluskrifstofa er staðsett í Skipholt 35 í Reykjavík. „Við sérsníðum alla glugga og hurðir eftir óskum viðskiptavina og þar sem framleiðslan fer fram á Íslandi er afhendingartíminn skemmri en almennt þekktist. Við leggjum mikið upp úr gæðunum og viljum vera vissir um að fólk þurfi ekki að standa í kostnaðarsömu viðhaldi eins og gerist stundum þegar óvandaðar og ódýrar eftirlíkingar verða fyrir valinu,“ segir Gísli.

Gluggarnir frá PGV Framtíðarformi stóðust slagveðurspróf Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands án athugasemda að sögn Gísla. „Við erum stoltir af árangrinum enda með hæstu einkunn. Það er mikil fjárfesting í gluggum og mikilvægt að vita hvað maður er með í höndunum. Við bendum fólk á að ekki er alltaf fullnægjandi trygging fyrir gæðum þó að gluggar hafi staðist próf erlendis þar sem veðurskilyrði eru allt önnur hér heima. Það er mikil ánægja að geta boðið upp á glugga og hurðir sem standast erfið veðurskilyrði okkar.“

Öryggið í fyrirrúmi

Allir glerlistar frá PGV Framtíðarformi eru að innanverðu sem er mikið öryggisatriði segir Gísli. „Þá er ekki hægt að fjarlægja gler úr glugga utan frá til að brjótast inn en nefna má að í t.d. Bretlandi, Þýskalandi og Belgíu er ekki hægt að fá innbrotstryggingu ef glerlistar eru á utanverðu. Tel ég að það sé einungis tímaspursmál hvenær tryggingafélög hér á landi taki það einnig upp. Hurðirnar okkar eru í svipuðum gæðaflokki þegar kemur að öryggi en þær koma með 5-7 punkta læsingu frá Yale og gluggar eru með 4-8 punkta læsingu.“

Litaúrval

PGV Framtíðarform býður upp á víðarútlit í sjö litum og fimm tvílitum en þá er hægt að hafa lit að utanverðu og hvítt að innan.



Skynsamleg ákvörðun hússtjórnar og íbúa við fjölmennustu götu landsins.



Ekki þarf að fella eitt einasta tré við framleiðslu pvc glugga.

Svalalokanir og sólstofur

PGV Framtíðarform sérsníðar einnig svalalokanir og sólstofur og eru útlitsmöguleikar óteljandi að sögn Gísla. „Þetta eru lokanir sem eru 100% vind- og vatnsþéttar. Vinsælasta þakkefnið er polycarbonite sem er 35 mm marghólfa plastefni en einnig er hægt að fá öryggisgler.“

Byggingarefni

Að auki bjóðum við upp á PVC þakrennur og niðurföll, sólpallaefni sem aldrei þarf að bera á, þakkantefni í mörgum stærðum og gerðum ásamt miklu úrvali lita.

Samskeyti brædd saman

Það sem sker framleiðslu PGV Framtíðarforms sérstaklega frá öðrum er að öll samskeyti eru brædd saman, líka millipóstar segir Gísli. „Með þessu móti er engin hætta á leka eða taumum milli samskeyta. Slagveðursprófið sýnir ótvírætt kosti bræddra samskeyta en algengt er að millipóstar PVC glugga séu skrufaðir í. Þegar húsið er komið með glugga sem krefjast minna viðhalds eykst frítíminn sem hægt væri að nota í eitthvert áhugamálið eins og til dæmis golf. Og með meiri tími fyrir golfið verður þú betri í golfinu og þú getur þakkað það skynsamlegri ákvörðun þinni í gluggakaupum.“



Bæði hurðir og gluggar koma í nokkrum litum.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu okkar www.pgv.is. Einnig má kíkja í kaffi í Skipholt 35 og kynna sér vörurnar.



Jafnvel æðri máttarvöld fá sér PVC-glugga. Þessi kirkja er á Snæfellsnesinu.



Þessi sumar-bústaður er tilbúinn fyrir óskugas í Heklu.



Vífilsstaðir eru byggðir á svæði sem kemur fyrir í Landnámu en talið er að Vífill, leysingi landnámsmannsins Ingólfs Arnarsonar, hafi búið þar og dregur staðurinn nafn sitt af honum. MYND/STEFÁN

Smíði Vífilsstaða tók rúmt ár

Vífilsstaðir eiga sér merkilegan sess í byggingarsögu Íslands. Smíði hússins tók rúmt ár og um tíma var það stærsta steinsteypta húsið á landinu. Rögnvaldur Ólafsson hannaði húsið og var byggingameistari þess.



HÁGÆÐA DANSKAR ELDHÚSINNRETTINGAR

TRUSTPILOT
Nettoline fær 5 stjörnur frá
dönskum gagnrýnendum



VIÐ HÖNNUM OG TEIKNUM



ÚRVAL INNRETTINGA



GOTT SKIPULAG



VÖNDUB GÆBAVARA

OPÍÐ:
Mán. - fim. kl. 09 til 18
Föstudaga kl. 09 til 17
Laugardagar kl. 11 til 15

Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500 • friform.is

Sigríður Inga
Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is



Vífilsstaðir eru að margra mati ein fallegasta byggingin í Garðabæ, enda áberandi kennileiti norðvestan Vífilsstaðavatns. Húsið er byggt á svæði sem kemur fyrir í Landnámu en talið er að Vífill, leysingi Ingólfs Arnarsonar landnámsmanns, hafi búið þar og dregur staðurinn nafn sitt af honum, Vífilsstaðir.

Stærsta steinsteypta húsið

Húsið var upphaflega byggt sem heilsuhæli fyrir berklasjúklinga snemma á síðustu öld. Smíði þess tók rúmt ár og um tíma var það stærsta steinsteypta húsið á landinu. Hælið var tekið í notkun haustið 1910. Fyrsta árið komu nær 200 sjúklingar á hælið en um aldamótin 1900 hafði berklatilfellum fjölgað ört hér á landi. Á þessum tíma fluttu margir úr sveitum í þorp, húsakostur var slæmur, fátækt mikil og fæði lélegt en þetta skapaði góð skilyrði fyrir berkla. Allt að 500 manns veiktust árlega og hundruð ungmenna létust úr sjúkdómnum.

Þáverandi landlæknir, Guðmundur Björnsson, hóf baráttu gegn berklum og hvatti til að byggt yrði heilsuhæli fyrir berklasjúklinga. Hann fékk félag sína í Oddfellowreglunni í lið með sér, sem margir voru broddborgarar og áhrifamenn í Reykjavík og þjóðlíf-inu öllu. Danskir Oddfellowfélagar höfðu áður gefið hingað Laugarnesspítala fyrir holdsveika sem þá var stærsta hús sem hafði verið reist á Íslandi. Oddfellowreglan stofnaði svonefnt Heilsuhælisfélag sem safnaði fé um land allt, sem og meðal Íslendinga í Vesturheimi.

Fyrsti arkitektinn hannaði húsið

Rögnvaldur Ólafsson, sem kunnur er sem fyrsti arkitekt Íslands, var

Það voru tímamót í íslenskri byggingasögu að Íslendingi var falin öll umsjón með byggingu stórhýsis.

fenginn til að hanna Vífilsstaði og var það hans stóra lífsverk. Rögnvaldur var ekki ókunnugur berklahælum því hann smitaðist af sjúkdómnum og lá um tíma á berklaspítala við Hróarskeldufjörð í Danmörku. Vafalaust var sú bygging honum innblástur en þar voru meðal annars leguskálar undir húsvegg en slíkir skálar voru byggðir við Vífilsstaði en mega nú muna fífil sinn fegurri. Rögnvaldur var einnig byggingameistari hússins og sá um að útvega allt efni. Það voru tímamót í íslenskri byggingasögu að Íslendingi var falin öll umsjón með byggingu stórhýsis. Á sínum tíma voru Vífilsstaðir með því besta sem gert var í Norður-Evrópu á þessu sviði eins og kemur fram í bók Björn G. Björnssonar Fyrsti arkitektinn. Rögnvaldur Ágúst Ólafsson og verk hans.

Ýmis starfsemi verið í húsinu

Vífilsstaðir eru 700 fermetrar að grunnfleti og á þremur hæðum. Suður frá húsinu var vélahús, vagnabyrgi, líkhús, hesthús og hænsnahús, en kolabyrgi litlu austur. Fjós var reist við Vífilsstaði og þar rekinn kúabúskapur því það þótti gott að gefa sjúklingunum nýmjólk. Talið er að fjósið hafi verið síðasta verk Rögnvaldar. Svo fór að hann varð sjálfur sjúklingur á Vífilsstöðum og lést þar aðeins 42 ára.


Vífilsstaðir voru berklahæli fram undir 1970. Eftir það hefur ýmis starfsemi verið í húsinu, svo sem lungna-, ofnæmis- og húðlækningadeild en núna er þar öldrunardeild fyrir sjúklinga af Landspítalanum sem bíða eftir að komast á hjúkrunarheimili.



Góð nýting á öllum veggnum skapar mikið skáapláss. KUNGSBACKA eldhúsfrahlidarnar eru umhverfisvænn kostur enda gerðar úr endurunnum plastflöskum.



Með útsjónarsemi má koma persónulegu og fullbúnu eldhúsi fyrir á örfáum fermetrum.



Lítið baðherbergi þýðir ekki að slá þurfi af kröfum um hagkvæma og nota-lega aðstöðu.

Þekking og yfirsýn frá a til ö

Þegar nýtt húsnæði er innréttað er í fjölmörg horn að líta og ferlið getur reynst flókið og tímafrekt. Það á við um framkvæmdir á heimili eða í fyrirtæki, og ekki síst í nýbyggingum þar sem finna þarf hagkvæmar gæðalausnir sem henta mörgum.

Sérfræðingar í hagkvæmum lausnum fyrir smærri heimili

Fyrirtækjaþjónusta IKEA er hákur í horni á álagstímum og veitir persónulega aðstoð við innkaupin; allt frá hugmynd til fullbúinna íbúða.

„Persónuleg þjónusta, yfirsýn og tímasparnaður eru helstu kostirnir við að fá aðstoð hjá okkur,“ segir Guðrún Hlín Þórarinsdóttir, hjá fyrirtækjaþjónustunni.

„Við veitum ráðgjöf við val á öllum húsbúnaði og leiðbeinum við skipulagningu. Við þekkjum þetta ferli frá a til ö þannig að við vitum hvar gildirunnar leynast. Stundum gleymast vissir hlutir eða það gleymist að gera ráð fyrir tíma í vissa verkþætti einfaldlega vegna þess að hann er af skornum skammti eða yfirsýnina vantar.“

Guðrún Hlín segir þessa yfirsýn eitt það verðmætasta við þá þjónustu sem þau veiti.

„Verðmæti þjónustunnar felast svo líka í þeirri staðreynd að við

erum sérfræðingar í IKEA lausnum og komum oft auga á möguleika sem viðskiptavinurinn er ekki meðvitaður um.“

Krafan um smærra og hagkvæmara húsnæði verður sífellt háværari og þar segir Guðrún Hlín IKEA vera á heimavelli.

„Við eigum nett baðherbergishúsgögn, grunna skápa, getum hannað lítil eldhús með öllu og þannig mætti áfram telja. Við getum nánast fullbúið íbúðir á hagkvæman hátt án þess að nokkru sé fórnað í gæðum eða notagildi.“

Ánægðir viðskiptavinir koma aftur

Umsvif fyrirtækjaþjónustunnar hafa vaxið gríðarlega undanfarin ár og hún telur nú sex starfsmenn.

„Það er mikið að gera, sem er afar ánægjulegt, og þeir sem koma til okkar koma yfirleitt aftur þannig að við finnum fyrir ánægju með þjónustuna. Það er þetta persónu-



Grunnir skápar með rennihurðum eru tilvaldir í anddyri eða önnur herbergi þar sem nýta þarf plássíð vel.

lega samband sem skiptir máli til að við náum að sinna verkefninu vel og viðskiptavinurinn sé ánægður með útkomuna,“ segir Guðrún Hlín.

Hún segir viðskiptavinahópin afar fjölbreyttan og þarfirnar misjafnar. Þar séu stór og smá fyrirtæki, verktakar og einnig ein-



Með nettri innréttingu og handhægum hirslum má koma þvottahúsinu fyrir á baðinu á hagkvæman hátt.

“Við getum nánast fullbúið íbúðir á hagkvæman hátt án þess að nokkru sé fórnað í gæðum eða notagildi.


staklingar. „Við sinnum hverjum viðskiptavini með þarfir viðkomandi í huga og getum bent fólk á leiðir eða vörur sem það hefði mögulega ekki komið auga á sjálft. Í grunninn má segja að þeir sem leiti til okkar séu að fá aðstoð við að einfalda lífið svolítið.“



Gist í gömlum kрана


Gamall vörukrani í Amsterdam hefur óðlast nýtt hlutverk sem gististaður. Hönnuðurinn Edward van Vliet umbreytti þremur flutningagámum í litla íbúð með útsýni yfir iðnaðarsvæðið.

Á vef Dezeen má sjá umfjöllun um gistigáminn í krananum sem hefur fengið nafnið Figeo brothers eftir eigendum The Haarlemsche Machinefabriek sem smíðaði vörukranann. Kraninn var byggður árið 1957 og var í notkun til ársins 1979 en þá tóku gámaskipin við sem flutningamáti og IJ áin varð of lítil og kranarnir á bakkanum ekki nægilega öflugir.



Svæðið þróaðist úr iðnaðarsvæði yfir í íbúðahverfi fljótlega upp úr 1975 en kraninn var látinn standa sem tákn um fyrri tíma.

Árið 2016 var honum umbreytt í gististað. Við hönnunina hélt Van Vliet iðnaðarsögu svæðisins í heiðri, til dæmis með stórum gluggum svo gestir geti fylgst með mannlífinu á bakkanum.



Alls er íbúðin 40 fermetrar og samsett af þremur gámum sem staflað er saman í tvær hæðir. Gengið er upp stiga frá hafnar-svæðinu og komið inn í litla setustofu á fyrstu hæðinni, sem skilin er af frá eldhúsi með járnstiga upp á aðra hæð. Á fyrstu hæðinni er baðherbergi með frístandandi baðkari og sér sturtu. Svefnherbergi eru á báðum hæðum en á efri hæðinni hafa veggir verið skornir út og miklum gluggum komið fyrir í staðinn. Stálbitar og festingar njóta sín til að halda í gamla sögu.

Sjá nánar á www.dezeen.com



Hamar í þrjár milljónir ára

Hamarinn er eitt mikilvægasta áhaldið í hverri verkfæratösku. Fyrstu hamrarnir eru taldir hafa verið í notkun fyrir 3,3 milljónum ára og virðist hamarinn vera elsta verkfærið sem var gert af manna höndum. Hamrar úr steinum sem voru bundnir við spýtur með leðurreimum hafa fundist innan um mannvistarleifar frá því fyrir um 30.000 árum. Hamarinn er táknrænn í mörgum trúarbrögðum, Mjólnir,

hamar Þórs er vel þekktur en einnig átti gríski smíðaguðinn Hefaistos hamar sem hann notaði við sína völundarsmíð. Þá er hamarinn tákn verkalýðsins, til dæmis í fána Sovétríkjanna ásamt sigðinni sem táknar bændur. Hamarinn hefur einnig verið notaður í stríði sem vopn. Í dag eru hamrar staðalbúnaður á hverju heimili og fátt hægt að hengja á vegg eða setja saman án þess að hamar komi þar við sögu.



Hamar er orðinn staðalbúnaður á hverju heimili

SKYJACK #VICARIO# niftylift

HVAÐ TEKUR ÞÚ Í BEKK?

SKYJACK SJ 3220 TEKUR 408KG



SKYJACK SJ 3220

VINNUHÆÐ 8,10 METRAR
HÆÐ Á PALLI 6,10 METRAR

1.990.000 kr. + vsk

Vinnulyftur ehf.
Sími 519 2210
vinnulyftur@skyjack.is
www.skyjack.is

SKYJACK
simply reliable



VINNULYFTUR

SÍÐAN 1993

ÚTSALA

Full búð af spennandi útsöluvörum fyrir útivistarfólk



Nú einnig fáanleg í barnastærðum

icebreaker® MERINO
ULLARFATNAÐUR

100% Merino ull, stingur ekki, lyktar ekki, hlýrri. Peysur, bolir, húfur, jakkar, sokkar, vettlingar, leggings, nærföt

**30%
afsláttur**



**OSPREY
BAKPOKAR**

Hágæða bakpokar
Eitt mesta úrval landsins

Klifurbakpokar • Leiðsögumannabakpokar • Fjallgöngubakpokar • Dufflar
Krakkabakpokar • Fjallaskíðabakpokar • Hjólabakpokar • Ferðatöskur

**30-50%
afsláttur**

patagonia®
live simple. live extreme



**20-60%
afsláttur**



KEEN

Vatnsheldir gönguskór

Lágir og milliháir

Sandalar

Gott úrval

**30%
afsláttur**

Allur viðlegubúnaður með 30% afslætti

Afsláttarborðin verða að sjálfsgöðu á sínum stað með enn betri kjörum!



**30%
afsláttur**

GG-sport



Opnunartími:
virka daga 10-18,
laugard. 10. feb. 11-18

Smiðjuvegur 8, Græn gata, 200 Kópvogi, sími: 571 1020 www.ggsport.is



„Finndu okkur á Facebook“



Fræ úr granateplum eru sæt og stökk undir tönn. Þau setja fallegan lit á lambapottréttinn.

Lambapottréttur með apríkósum

Á köldum vetrardögum þar sem hver lægðin á fætur annarri kætir landsmenn er um að gera að elda eitthvað gott og girnilegt sem vermir kroppinn.

Lambakjöt á vel við á snjóþungum dögum eins og þessum en þennan þjóðarrétt Íslendinga má matreiða á marga vegu. Ein leiðin er að búa til bragðgóðan og jafnframt matarmikinn pottrétt sem ekki þarfnast mikillar fyrirhafnar en samsetningin á rætur sínar að rekja til Miðausturlanda þar sem framandi krydd setja sinn svip á eldamenskuna. Lambakjöt með apríkósum hentar vel sem

hversdagsréttur en hann er einnig tilvalinn fyrir matarboð eða þegar eitthvað stendur til. Granateplin setja síðan fallegan lit á réttinn.

800 g lambakjöt, helst af lambalæri
200 g apríkósur
200 g kjúklingabaunir
2 gulrætur
2 msk. olía til steikingar
1 stór laukur

2 hvítlauksrif
1 msk. ras-el-hanout, marokkósk kryddblanda
1 tsk. mulin kórianderfræ
2 dósir tómatar í bitum
500 ml lamba- eða nautasoð, meira ef vill
Salt og pipar að smekk
Rifinn börkur af einni sítrónu
Eitt búnt af ferskum kóriander
Fræ úr granatepli
Kúskús salat
Hrein jógúrt

Byrjið á að hita ofninn í 180°C. Skerið lambakjötið í um 2 cm stóra bita. Skerið gulræturnar fremur smátt, saxið laukinn og saxið hvítlaukinn smátt. Hitid olíu við lágan hita í eldföstum potti. Steikið laukinn þar til hann verður mjúkur. Bætið við hvítlauknum og kryddinu og gætið þess að ekkert brenni við. Bætið lambakjötinu síðan út í og steikið þar til það hefur brúnast. Hellið þá tómötum og soði yfir og hrærið vel. Setjið kjúklingabaunirnar og apríkósurnar saman við. Látið súduna koma upp. Setjið lokið á pottinn og færið hann yfir í ofninn. Látið sjóða í klukkutíma í ofninum. Takið þá lokið af og hrærið aðeins í réttinum. Látið sjóða aðeins áfram, eða í um hálf tíma, án þess að hafa lokið á pottinum. Takið úr ofninum þegar kjötið er vel soðið og mjúkt. Stráið þá sóxuðum, ferskum kóriander yfir og einnig sítrónuberkinum. Stráið fræjum úr granateplum yfir og berið fram með kúskúsi og hreinni jógúrt.



Lambapottréttur með apríkósum, kjúklingabaunum og granateplafræjum á vel við á köldum vetrardögum.


ÚTSÖLULOK
 10. FEBRÚAR
 ENN MEIRI VERÐLÆKKUN

Selena

BLÁU HÚSIN V/FAXAFEN • SÍMI: 553 7355 • WWW.SELENA.IS

Hrunmálin í hnotskurn

■ Ár í fangelsi
 ■ Fjöldi sakfelldra



var dæmdur í þriggja ára fangelsi og Magnús Arnar Arngrímsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri fyrirtækjasiðs, í tveggja ára fangelsi.

Lárus Welding hlaut fimm ára fangelsisdóm í héraði í Stím-málinu, en dómurinn var kveðinn upp seint á síðasta ári, og eins árs dóm, einnig í héraði, í Aurum-málinu. Báðum dómunum hefur verið afþryggt til Hæstaréttar. Í síðarnefnda málinu hlaut Magnús Arnar jafnframt tveggja ára dóm. Hins vegar var sýknað af ákæru á hendur þeim Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, sem var einn af aðaleigendum Glitnis, og Bjarna Jóhannessyni, fyrrum viðskiptastjóra hjá bankanum. Lárus Welding er einnig ákærður,

ásamt fjórum fyrrverandi starfsmönnum Glitnis, í markaðsmisnotkunarmáli bankans. Aðalmeðferð málsins í héraði lauk í byrjun mánaðarins og verður dómur kveðinn upp innan fárra vikna.


Færri mál varða Landsbankann

Færri mál hafa komið til kasta dómstóla sem varða störf gamla Landsbankans heldur en hinna bankanna tveggja. Sjö manns, sem tengdust bankanum, hafa verið dæmdir til samanlagt 13 ára fangelsisvistar vegna efnahagsbrota fyrir hrun.

Umfangsmesta málið var markaðsmisnotkunarmál bankans en héraðsdómari greip til þess ráðs að skipta

Afdrif hrunmálanna

- Rannsókn hætt
- Fellð niður eftir að rannsókn lauk
- Sameinuð öðrum málum
- Framsend öðru embætti
- Aðstoð við önnur yfirvöld
- Ákæra eftirkölluð eftir útgáfu
- Sakfelld að öllu leyti eða hluta
- Sýknað
- Enn fyrir dómi



því í tvennt. Í fyrri hluta málsins, sem er jafnan kennt við Ímon, var Sigurjón Þ. Arnason dæmdur í Hæstarétti í þriggja og hálfis ára fangelsi, Elín Sigfúsdóttir, framkvæmdastjóri viðskiptasviðs Landsbankans, í 18 mánaða fangelsi og Steinþór Gunnarsson, sem gegndi starfi forstöðumanns verðbréfamíðlunar, í níu mánaða fangelsi.

Í seinni hluta málsins var Sigurjón einnig sakfelldur og dæmdur til eins árs og sex mánaða fangelsisvistar. Auk hans hlaut Ívar Guðjónsson tveggja ára dóm, Júlíus S. Heiðarsson eins árs dóm og Sindri Sveinsson níu mánaða dóm, en þeir störfuðu allir í deild eigin viðskipta bankans.



Einstök byggingarlóð til sölu miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu

Til sölu er lóðin Skektuvogur 1. Um er að ræða vel staðsetta 9.368 m² hornlóð sem er hluti nýrrar Vogabyggðar sem er svæðið austan Sæbrautar og niður að ósum Elliðaáa þar sem mun rísa blönduð byggð íbúða- og atvinnuhúsnæðis með góðu aðgengi að þjónustu og náttúru. Þinglýst hefur verið nýjum lóðarleigusamningi við Reykjavíkurborg og gatnagerð við lóðina er á lokastigi.

Heildarbyggingarmagn er 23.650 m² skv. gildandi skipulagi, þar af 16.890 m² ofanjarðar og 6.760 m² neðanjarðar. Heimilt er að byggja ofanjarðar allt að 10.162 m² íbúðarhúsnæði (102 íbúðir) og allt að 6.728 m² atvinnuhúsnæðis ef heimild fyrir íbúðarhúsnæði er nýtt til

fulls. Meðfram Sæbraut er gert er ráð fyrir fjölbreyttri atvinnustarfsemi sem fellur vel að íbúðarbyggð, s.s. skrifstofum, opinberri þjónustu, verslunum, veitingarekstri, menningarstarfsemi o.þ.h.

Hægt er að óska eftir frekari upplýsingum með því að senda tölvupóst á netfangið skektuvogur@lex.is

Allar nánari upplýsingar veita Garðar Víðir Gunnarsson hdl. og Óskar Sigurðsson hrl. hjá LEX lögmannstofu í síma 590-2660.

Áhugasamir aðilar sendi tilboð á netfangið skektuvogur@lex.is fyrir 28. febrúar 2018.



LÖGMANNSTOFA

Borgartúni 26
 105 Reykjavík
 Sími 590 2600

HB

HÚSGAGNABANKINN

RÝMINGARSALA VEGNA FLUTNINGA

Skoðið úrvalið í vefverslun okkar - www.husgagnabankinn.is



Quattro sófasett

Tilboð **290.000**



Houston sófasett

Tilboð **330.000**



Classico sófasett

Tilboð **290.000**



Rubelli hægindastóll

Í sterku áklæði

Tilboð **53.000**



Rubelli hægindastóll

Alklæddur ekta leðri

Tilboð **74.000**



Carrera hægindastóll

Alklæddur ekta leðri

Tilboð **71.000**



Bronson rafknúinn hægindastóll

Alklæddur ekta leðri

Tilboð **119.000**



Carrera 2 mótoru lyftistöll

Alklæddur ekta leðri

Tilboð **127.000**



Carrera 2 mótoru lyftistöll

Í sterku áklæði

Tilboð **100.000**



Carrera 1 mótors lyftistöll

Alklæddur ekta leðri

Tilboð **114.000**



Chippendale glerskápur

Hnota

Tilboð **127.000**



Blaðgrindarborð

Mahogany eða Hnota

Tilboð **27.000**



Sófaborð

Mahogany eða Hnota

Tilboð **63.000**



Sjónvarpsskápur

Mahogany eða Hnota

Tilboð **83.000**



Carrera rafknúinn hægindasófi

Í sterku áklæði

Tilboð **139.000**

Opið frá 13 - 18 virka daga og 13 - 16 laugardaga

www.husgagnabankinn.is - Faxafen 10, 108 Reykjavík - s. 511 0030

PHILIPS

LG
Life's Good

EPSON

The digital display wall features several panels:

- Top Right:** Weather forecast for Friday, New York, June 20. Temperature: +22°C. Icons for sun, clouds, and rain. Additional data: 5:12, 10:05, 43%.
- Middle Right:** Weather forecast for the next four days: +18°C (Night), +20°C (Morning), +22°C (Day), +21°C (Evening).
- Center:** Advertisement for "casual chic" featuring a woman in a white blazer and sunglasses, and a pair of brown leather boots. Text: "sunglasses chic".
- Bottom Left:** Advertisement for "classic leather" featuring a man in a brown leather jacket. Text: "classic leather".
- Bottom Right:** Advertisement featuring a woman in a blue dress and a pink handbag.

Fangaðu athyglina

Fjölbreyttar lausnir fyrir verslanir, veitingastaði, fundarherbergi og móttökur

Hafið samband og kynnið ykkur möguleikana



Heimilistæki ht.is

Söludeild, sími 569 1520, sala@ht.is

Stjórnar- maðurinn

@stjornarmadur

Afköst og aðhald

Fjölmiðlaskýrslan svokallaða leit dagsins ljós á dögunum. Í skýrslunni var ýmislegt skynsamlegt að finna, en mögulega er stærsta einstaka tillaga nefndarinnar sú að RÚV hverfi alfarið af auglýsingamarkaði. Í nýjasta opinbera ársreikningi RÚV námu tekjur félagsins af auglýsingasölu um 2,2 milljörðum. Þær leggjast ofan á þá fjóra milljarða sem RÚV fær árlega í meðgjöf frá ríkissjóði. RÚV hefur því úr svipuðum fjármunum að móða og sambærileg starfsemi miðla Vodafone, áður í eigu 365.

Að nánast öllu öðru leyti er örðugt að bera miðlana saman. Vodafone rekur að minnsta kosti fimm sjónvarpsstöðvar, eigin streymiþjónustu í anda Netflix, fjölvarpsþjónustu, átta útvarpsrásir og tónlistarstreymiþjónustu. Auk þess framleiðir félagið bæði sjónvarps- og útvarpsfni og kaupir erlent efni. Því til viðbótar rekur Vodafone fréttastofur fyrir útvarp og sjónvarp. Á meðan rekur RÚV eina og hálfu sjónvarpsstöð og tvær útvarpsrásir. Félagið starfrækir fréttastofur og framleiðir mikið af eigin efni en kaupir erlent efni.

Þrátt fyrir að verkefni og afköstin virðist við fyrstu sýn margföld hjá Vodafone starfa um helmingi fleiri hjá RÚV en við sambærilega starfsemi hjá hinu einkarekna félagi. Þess utan er það ekki svo að í starfsemi á borð við auglýsingasölu falli tekjurnar af himnum ofan. Það þarf að ráða sölufólk og sjá því fyrir launum, aðstöðu og búnaði. Slikt kostar peninga sem draga mætti frá því tekjutapi sem afhlytist ef RÚV hyrfi af auglýsingamarkaði.

Ekki er auðvelt að sjá hver þessi kostnaður er af ársreikningum RÚV en kannski má áætla hann sem um helming af tekjunum. Tekjutap RÚV yrði samkvæmt því 1,1 milljarður króna árlega ef félaginu yrði meinað að selja auglýsingar.

Nú skal ekki gert lítið úr störfum fólks en samanburður við einkamiðlana bendir til þess að allt of miklu sé til kostað fyrir lítil afköst í starfsemi RÚV. Ríkisfjölmiðillinn ætti að geta haldið sinu striki án þess að keppa við einkamiðlana um tekjur á frjálsum markaði. Það er engin ástæða til að bæta RÚV upp meint tap af auglýsingusölu. Einungis þarf að gera eðlilega kröfu um afköst og aðhald í rekstri.



Gísli til Kortabjónustunnar

Gísli Heimisson hefur verið ráðinn forstöðumaður hugbúnaðarsviðs Kortabjónustunnar, samkvæmt upplýsingum Markaðarins, en hann hafði verið framkvæmdastjóri MainManager frá júní 2017.

Tekur Gísli við starfinu af Gunnari M. Gunnarssyni, sem jafnframt var áður annar af hluthöfum Kortabjónustunnar ásamt Jóhannesi Inga Kolbeinssyni, fyrrverandi framkvæmdastjóra fyrirtækisins, en hann hætti í byrjun ársins og við starfi hans tók Björgvin Skúli Sigurðsson. Gísli,



Gísli Heimisson

sem er verkfræðingur að mennt, var meðal annars framkvæmdastjóri banka- og rekstrarsviðs MP banka fram til ársins 2015 og þá var hann framkvæmdastjóri rekstrarsviðs Glitnis banka.

Kortabjónustan rambaði á barmi gjaldþrots eftir greiðslustöðvun flugfélagsins Monarch í október. Í kjölfarið var gengið frá sölu á fyrirtækinu til hóps fjárfesta, sem var leiddur af Kvik, á eina krónu sem lagði Kortabjónustunni einnig til nærri 1.500 milljónir í nýtt hlutafé. – hae

02.02.2018

Auðvitað höfum við þungar áhyggjur af því að innlend framleiðsla sé á brún hengiflugs.

Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður Samtaka iðnaðarins



Við hjálpum þér að bæta lífsgæðin



Rexton™ heyrnartækin gera meira en að hjálpa þér að heyra betur. Þau opna nýjar leiðir í samskiptum, rjúfa þögnina og gefa tóninn. Þau auka lífsgæðin. Komdu í ókeypiss heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyra.is

HEYRNARSTÖÐIN





Rafgeymar

Meðal
viðskiptavinna
Yuasa eru:



PSA PEUGEOT CITROËN

YBX rafgeymarnir frá Yuasa hafa hærra kaldræsi og endast lengur



Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

ÞRÁÐLAUS TENGING

VIÐ VERÐLAUNUÐ GÆÐI



BOSE SoundTouch 300

Verð frá: 99.900 kr.

Stílhreint og fallega hannað multiroom heimabíó með Wi-Fi og Bluetooth afspilun.



SONY A1 4K OLED

55" - Verð: 399.990 kr.

65" - Verð: 569.990 kr.

Margverðlaunað OLED sjónvarp frá Sony. Yfirburða myndgæði í einu glæsilegasta 4K sjónvarpi sem sést hefur.



BOSE SoundTouch

20 III - Verð: 49.990 kr.

30 III - Verð: 76.900 kr.

Öflugur multiroom hátalari sem fer lítið fyrir. Fylltu herbergið af tónlist í gegnum Wi-Fi og Bluetooth.



BOSE SoundTouch 10

Verð: 29.990 kr.


Lang nettasti multiroom hátalarinn. Streymdu hágæðum í gegnum Wi-Fi og Bluetooth.

STANSLAUS SPENNA

DAN BROWN SNÝR AFTUR



Uppruni er nýjasta bókin um Robert Langdon, prófessor í táknafræði, en bækur Dans Brown um hann hafa selst í hundruðum milljóna eintaka um allan heim. Þeirra þekktust er „Da Vinci lykillinginn“.



Uppruni

TILBOÐSVERÐ:

3.199.-

Verð:
3.899.-

„FRÁBÆR SKEMMTUN“
Die Zeit

„Áhrifamikil spennusaga.“
Jyllands-Posten

„STANSLAUS SPENNA“
New York Times

#LESUMMEIRA

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn

Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verstunum. Gildistími tilboðsverðs er 11. febrúar eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Lærðu að keyra eins og Íslendingur

Bórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfa-dóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra vor, tísti um slæma ökuhæfileika höfuðborgarbúa í gær. Því kemur hér sérstök ökukennsla í boði fulltrúa landsbyggðar og höfuðborgar hér í Lífinu.

KEYRÐU EINS OG LANDSBYGGÐARBÚI

Skefur ekki af rúðum

Úti á landi er snjór í að minnsta kosti níu mánuði ársins. Því eru allir vanir því að koma út á morgnana og þurfa að grafa eftir bílnum sínum. Þá er fólk ekkert að eyða tíma í óþarfa eins og að skafa af rúðunum eða sópa snjóhólinn af þakinu – vinnan bíður! Það er ekki óalgengt að sjá hvíta snjóhóla keyra um götur bæja út á landi með litla rífu í augnhæð á framrúðunni sem bílstjórinn notar til að sjá út, ekki ósvipað og á skriðdreka beint úr fyrri heimsstyrjöldinni. Sjaldgæfara er svo að sjá landsbyggðarfólk sem nennir ekki einu sinni rífunni og keyrir bara með hurðina opna og horfir þar út.



Úti á landi er alltaf nákvæmlega svona veður. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Svona lítur það út þegar allt er á kafi í snjó í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJTUR

Talar digurbarkalega um aksturinn

Fólk utan af landi sem býr í höfuðborginni þekkir maður á því að það er sífellt að öskur-tala um hversu lítið mál það sé að keyra í snjó og hvað Reykvikingar séu lélegir í hinni miklu list sem það að keyra bíl er. Af tali einhvers að norðan að dæma

mætti halda að akstur í snjó krefðist meistaraþráðu en sé ekki eitthvað sem fólk lærir á nokkrum mánuðum við 17 ára aldur.

Keyrir 200 metra í vinnuna

Úti á landi eru vegalengdir svo bara 200-300 metrar þannig að allur digurbarki er hálf undarlegur.

KEYRÐU EINS OG HÖFUÐBORGARBÚI

Er á sumardekkjum

Helsta ástæðan fyrir því að allt stoppar þegar það snjóar örlítið í borginni er sú að fólk er spólandi á jafnsléttu enn með sumardekkinn undir á meðan aðrir keyra bara á sínum venjulega 40-50 kílómetrum yfir hámarksþraða og skilja ekkert þegar bremsan virkar ekki eins og skyldi og þau dúndra aftan á næsta mann/ljósastaur/út í sjó.

Er gríðarlega hissa yfir snjónum

Höfuðborgarbúar láta alltaf eins og það sé kraftaverk þegar það snjóar á Íslandi, á veturna. Síminn stoppar ekki því að fólk er stöðugt að senda snöpp af snjókomunni eða tista um hvað það persónulega er óheppið að hafa þurft að skafa af framrúðunni um morguninn, eins og það sé aðalhetja lífsins.

Skiptir um akreinar í umferðarteppum

Höfuðborgarbúar gera fátt annað en að dúsa í umferðarteppum og því er alveg ótrúlegt hversu lélegir þeir eru í faginu. Fæstir hafa hugmynd um hvaða akrein sé best að vera á þrátt fyrir að hafa keyrt sömu leiðina á hverjum degi síðustu 10 árin og eru því í sífellu að troðast á milli yfirfullra akreinnanna, eins og það að lenda á vitlausri akrein leiði þau í marga ára ferðalag eins og Ódysseifur forðum daga.

stefanthor@frettabladid.is

SUPERB KEMUR STERKUR INN Í EFSTU DEILD



ŠKODA

SUPERB. FLAGGSKIPIÐ Í ŠKODA FJÖLSKYLDUNNI.

Superb skarar fram úr á mörgum sviðum. Hann er gríðarlega rúmgóður enda með stærsta innanrýmið og skottið í sínum flokki. Byltingarkennd hönnun, hámarksþægindi og tæknimöguleikar auka enn á styrkleika hans. Komdu og prófaðu nýjan Superb.

ŠKODA SUPERB frá:
4.690.000 kr.



Eyrarrósarlistinn 2018 afhjúpaður

Eyrarrósarlistinn árið 2018 hefur verið opinberaður en um er að ræða viðurkenningu sem er veitt árlega fyrir framúrskarandi menningarverkefni utan höfuðborgarsvæðisins. Verkefni sem eru útnefnd í ár eru Aldrei fór ég suður á Ísafirði, Alþjóðlega kvikmyndahátíðin Norðanáttin (Northern Wave) í Snæfellsbæ, Ferskir vindar – alþjóðleg listahátíð í Garði, LungA skólinn á Seyðisfirði, Rúllandi snjóbolti á Djúpavogi og Skjaldborg, hátíð íslenskra heimildarmynda á Patreksfirði.

» **EISTNAFLUG HLAUT EYRARRÓSINA Í FYRRA OG ÞVÍ VERÐA VERÐLAUNIN VEITT Í NESKAUPSTAÐ Í ÁR, HEIMABÆ ROKK-HÁTÍÐARINNAR.**

Þessi sex verkefni eiga möguleika á að hljóta Eyrarrósina en henni fylgir einnig tveggja milljóna króna verðlaunafé. Tvö önnur verkefni hljóta svo 500 þúsund króna verðlaun.

Að Eyrarrósinni standa í sameiningu Bygðastofnun, Air Iceland

Connect og Listahátíð í Reykjavík. Eyrarrósinni er ætlað að beina sjónum að og hvetja til menningarlegrar fjölbreytni, nýsköpunar og uppbyggingar á sviði menningar og lista. Í ár bárust 33 umsóknir hvaðanæva af landinu.

Í fyrra hlaut þungarokkshátíðin Eistnaflug verðlaunin og því verður hún afhent í Neskaupstað í ár, heimabæ Eistnaflugs. Það er forsetafrú vor, Eliza Reid, sem mun afhenda verðlaunin en hún er sérstakur verndari Eyrarrósarinnar. – sph



Aldrei fór ég suður er meðal þeirra verkefna sem tilnefnd eru. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Haley er nú enn þínu krúttlegur.

Haley Osment missti af flugi og trylltist

Haley Joel Osment var í byrjun síðasta áratugar „sæti krakkin“ í mörgum bíómyndum; The Sixth sense, A.I., Pay it forward, Forrest Gump og fleirum. Síðan þá hefur ekki mikið sést til hans nema í alls konar aukahlutverkum hér og þar.

Hann komst þó í fréttirnar á mánudaginn þegar hann var algjörlega óþolandi á flugvelli í Las Vegas. Leikarinn, sem eitt sinn var krúttlegur, missti af flugi frá Syndaborginni á sunnudaginn og var svo neitað um sæti daginn eftir. Leikarinn á að hafa meðal annars öskrað á starfsmann flugvallarins: „Ég mun rústa þér.“ Þegar lögregla mætti á svæðið var Haley flúinn. – sph



Peir félagar Mario og Toad prýða veggj á Kansai-flugvelli.

Höfuðið á Toad er ekki hattur

Jæja, þá er það loksins komið á hreint, sveppurinn ofan á höfði karaktersins Toads í Mario leikjunum er ekki hattur heldur sjálft höfuðið á honum.

Þetta er meðal þess sem kom í ljós í myndbandi nokkru sem kom út í tengslum við útgáfu á nýjasta Mario-leiknum, Super Mario Odyssey. Í myndbandinu ræddi framleiðandinn Yoshiaki Koizumi um marga Mario-tengda hluti og þar kom þessi sjokkerandi staðreynd um Toad fram.

Toad hefur verið persóna í ansi mörgum Mario-leikjum – meðal annars var hægt að spila sem Toad í hinum stóruandlega Super Mario Bros. 2. og vafalaust hafa margir velt því fyrir sér hvort hann væri sveppur eða með sveppahatt. – sph

NoName
COSMETICS

Kynning á förðunarlínu NoName

Dagana 7.–10. febrúar verða vörur NoName með 20% afslætti í öllum apótekum Lyfju.

Einnig veita förðunarmeistarar NoName ókeypis ráðgjöf í völdum apótekum, bjóða gestum að fá léttu förðun og kynna förðunarlínu NoName.

Hlökkum til að sjá þig!



Ef keyptar eru 2 vörur frá NoName á kynningu fylgir fallegt armband með, á meðan birgðir endast.

Förðun og kynning

Miðvikudaginn 7. feb.
Lágmúli kl. 14–17
Smáratorg kl. 14–17
Smáralind kl. 15–18

Fimmtudaginn 8. feb.
Nýbýlavegur kl. 14–17
Laugavegur kl. 14–17
Smáralind kl. 15–18

Föstudaginn 9. feb.
Lágmúli kl. 14–17
Smáratorg kl. 14–17
Smáralind kl. 15–18

Laugardaginn 10. feb.
Smáratorg kl. 14–17
Smáralind kl. 14–17
Lágmúli kl. 14–17

lyfja.is

LYFJA
– Lifið heil

ALLT AD
80%
AFSLÁTTUR

LAGERSALA

7. - 12. FEBRÚAR



43 STK
EFTIR

PATTI 39.990 KR-
HERRA JAKKI 19.995 KR



21 STK
EFTIR

ESJA 29.990 KR-
HERRA ÚLPA 14.995 KR



22 STK
EFTIR

PRAUKA 36.990 KR-
HERRA JAKKI 24.990 KR



32 STK
EFTIR

FENNA 34.990 KR-
HERRA SKÍÐAÚLPA 19.990 KR



29 STK
EFTIR

ARNARFELL 17.990 KR-
HERRA PEYSA 9.990 KR



23 STK
EFTIR

ESJA 29.990 KR-
DÖMU ÚLPA 14.995 KR



39 STK
EFTIR

FENNA 34.990 KR-
DÖMU SKÍÐAÚLPA 19.990 KR



10 STK
EFTIR

JAKI 24.990 KR-
KRAKKA ÚLPA 14.990 KR

OPNUNARTÍMI

VIRKIR DAGAR
12:00 - 19:00

LAUGARDAGUR
11:00 - 18:00

SUNNUDAGUR
13:00 - 18:00

ZO·ON
ICELAND

STAÐSETNING

FACTORY STORE,
NÝBÝLAVEGUR 6

SÍMI

557 1050

FRÉTTABLAÐIÐ

Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5000 [Visir](#)

Ritstjórn 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild auglysingar@frettabladid.is Prentun Ísafoldarprentsmiðja

PÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.



FRÉTTABLAÐIÐ
mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

BAKÞANKAR

Bjarna
Karlssonar



Umskurn

Nú er á döfnni þingsályktunartillaga sem miðar að því að banna siðvenju rúmlega helmings Bandaríkjamanna og árþúsundagamla hefð gyðinga og múslima o.fl. menningarheima; umskurn drengja. Siðurinn er okkur framandi og eitthvað við þetta sem auðveldlega vekur upp andúð hjá mörgum. Svo mikla raunar að lagt er til að umskorið barn skuli svipt allt að sex ára samveru með foreldrum sínum á meðan þau afpláni dóm.

Eitt stærsta verkefni jarðarbúa næstu hundrað árin verður það að finna út úr þessu með fjölmennunguna. Hvernig eigum við að fara að því að vera hér öll á þessum litla viðkvæma hnetti án þess að eyðileggja mannlíf og náttúru? Hin nýja dagskrá Sameinuðu þjóðanna um sautján sjálfbær þróunarmarkmið, sem við Íslendingar erum aðilar að, fjallar ekki sist um fjölmennungarverkefnið. 36. klausa yfirlýsingarinnar hljóðar svona: „Við skuldbindum okkur til að hlúa að þvermenningarlegum skilningi, umburðarlyndi, gagnkvæmri virðingu og siðfræði sem byggir á vitund um hnattrænan þegnskap og deilda ábyrgð. Við viðurkennum náttúrulegan og menningarlegan fjölbreytileika heimsins og sjáum að allir menningarheimar geta stuðlað að og eru hver um sig ómissandi við að raungera sjálfbæra þróun.“

Væri ekki ráð, í stað þess að glæpavæða hérna heilu menningarheimana, að við efndum til samtals þar sem við fengjum að heyra ólíkar raddir og reynslu karlmanna í tengslum við umskurn? Fengjum að fræðast af gyðingum, múslimum, Bandaríkjamönnum o.fl. menningarheildum og reyndum að skilja hvað um er að ræða þegar umskurn er annars vegar. Hættan er nefnilega sú að þetta málefni verði bara farvegur fyrir meðvitaða og ómeðvitaða þörf okkar fyrir það að vera hreinni, upplýstari og betri en annað fólk.



Opið allan sólarhringinn í öllum verslunum

Iceland

MUNDU EFTIR GÖMLU GÓÐU AFMÆLISKRINGLUNNI - fyrir 25-30 manns



Sími: 561 1433

www.bjornsbakari.is

LÁTTU FARA
WOW
UM ÞIG

81-92 cm sætabil

NÝTT

Hafðu það notalegt um borð í **WOW comfy**

Þú velur um ýmsar leiðir þegar þú flýgur með WOW air. WOW comfy er fyrir þá sem vilja aukin þægindi um borð. Innifalið er flugmiði, lítil taska eða veski, handfarangur, innrituð taska, XL eða XXL sæti og forfallavernd.

WOW
air

WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS